

Sp.

823. Tillaga til þingsályktunar

[312. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar, að megingilgangur og markmið í íslenskum landbúnaði skuli vera þessi:

- I. Að framleiða landbúnaðarafurðir með þeirri fjölbreytni, sem landkostir, veðurfar og markaðsskilyrði leyfa.
 - II. Að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og félagslegt jafnrétti bændafólks og eigna- og umráðarétt þess á bújörðum. Fjölskyldubúskapur og sjálfseignarábúð bændna verði grundvallarform rekstrareininga, en félagsbúskapur fái fastmótað form í lögum. Réttur þéttbýlisbúa til umgengni við landið og náttúru þess verði tryggður.
 - III. Að leggja áherslu á að varðveita náttúruauðæfi landsins, landkosti og hlunnindi bújarða og eðlilega byggð í landinu, fyrir næstu kynslóðir, m. a. með gerð áætlana um landgræðslu og landvernd. Landbúnaðurinn og úrvinnslugreinar landbúnaðarafurða leggi fram sinn skerf til vaxandi þjóðartekna með hagkvæmri nýtingu landsgæða og síaukinni framleiðni vinnu og fjármuna.
- Til að ná framangreindum markmiðum, skal unnið að eftirfarandi verkefnum:

I.

Gerð verði spá um þróun markaðar fyrir landbúnaðarafurðir hér á landi til næstu 5 ára og 10 ára, er byggj m. a. á spá um mannfjölda og búsetuþróun í landinu yfir sama tímabil. Einnig spá um útflutning m. v. markaðshorfur. Jafnhliða því verði gerð spá um þróun heildarframleiðslu landbúnaðarafurða og framleiðslu eftir byggðarlögum.

Gerð verði út frá fyrrnefndum spám áætlun um framleiðslu á landbúnaðarafurðum, er taki mið af lögboðnum rétti landbúnaðarins til útflutningsbóta, ákvörðunum um niðurgreiðslur og möguleikum fyrir nýjar búgreinar. Miða skal mjólkurframleiðsluna sem næst við innanlandsþarfir, en framleiðslu sauðfjárafurða við innlendan markað og erlenda markaði sem teljast viðunandi. Áfram verði unnið að könnun búrekstraradstöðu á einstökum jörðum og gerð úttekt á gróðurlendi landsins á heiðum og afréttum. Innlend fóðurframleiðsla verði eflað og stefnt að sem minnstum innflutningi á föðri þannig að landbúnaðurinn verði sjálfum sér nægur í sem mestum mæli með rekstrarvörur.

Áhersla verði lögð á að bæta og auka það hráefni, sem landbúnaðurinn getur lagt innlendum iðnaði til á hagkvæman hátt og iðnaðurinn hafi forgang að því, svo sem verið hefur en greiði fyrir það sanngjarnt verð. Sérstaklega verði hlúð að ullar- og skinnaiðnaði og leitað annarra möguleika á framleiðslu séríslenskrar vöru, er styrki framleiðslugrundvöll landbúnaðarins. Kappkostað verði að leita nýjra á í framleiðslu til útflutnings, er komi í stað óhagkvæmrar útflutningsframleiðslu.

Rannsókn-, leiðbeininga- og fræðslustofnunum landbúnaðarins verði falið að vinna að fyrrnefndum málum.

II.

Bændum og búaliði verði tryggð fjárhagsleg afkoma, sambærileg því sem gerist meðal verkamanna og iðnarmanna.

Lögin um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum komi að fullu til framkvæmda hið fyrsta. Stefnt verði að því að bændur og sveitafólk geti notið orlofs og reglulegra frídaga. Félagsleg aðstaða sveitakvenna verði bætt m. a. þannig að þær njóti fæðingarorlofs til jafns við aðrar stéttir.

Tryggt verði að vinnslustöðvar landbúnaðarins greiði bændum 90% af andvirði afurða við innlegg, en óskert grundvallarverð við uppgjör, að frádrögnum verðmiðlunargjöldum, ef tekin eru. Rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins verði hækkuð svo þetta útborgunarhlutfall náist.

Stofnlánnum í landbúnaði verði komið í það horf að þau auðveldi ættiliðaskipti á jörðum og nauðsynlegt viðhald fjármuna í samræmi við heildaráform í framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins. Þegar lánshæfni umsækjenda er metin, skal taka mið af tengslum þeirra við landbúnaðinn eða búfræðimenntun. Þéttbýlisfólki verði tryggður umgengnisréttur við landið. Þjónusta við ferðafólk á vegum bænda veiti þeim sem hana stunda rétt til að eiga aðild að sjóðakerfi landbúnaðarins og fái þannig viðurkenningu sem þáttur í landbúnaði.

III.

Unnið verði ötullega að landgræðslu- og gróðurverndarmálum m. a. á grundvelli nýrrar landgræðslu- og landverndaráætlunar. Áfram verði unnið að gróðurfars- og beitarþolsrannsóknum og Landmælingum Íslands gert fjárhagslega kleift að ljúka gerð grunnkorta af landinu. Skipulag nýrra þéttbýlissvæða verði gert þannig að það skaði sem minnst ákjósanlegt ræktunarland. Sama aðgát verði höfð við ákvörðun um mannvirkjagerð utan þéttbýlis.

Kappkostað verði að athuga hugmyndir um nýjar búgreinar í því augnamíði að þær geti á skipulegan hátt orðið vaxtarbroddur í landbúnaði, aukið fjölbreytni í framleiðslu, styrkt búsetu og leyst af hólmi óhagkvæma útflutningsframleiðslu.

Nýjum búgreinum, sem byggja að verulegu leyti á innlendum aðföngum og eins þeim sem ekki rýra markað þess sem fyrir er, skal veitt öflug fjárhagsleg fyrirgreiðsla. Gert verði skipulegt átak til uppbyggingar búgreina, sem að fenginni nokkurri reynslu eru taldar vænlegar til framleiðslu afurða til sölu á erlendum mörkuðum, sbr. loðdýrarækt. Þessum búgreinum verði sköpuð jafngóð starfsskilyrði af hálfu þess opinbera og gerist í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði.

Þess verði gætt að breytingar á framleiðslu- og atvinnuháttum í landbúnaði valdi sem minnstri búseturöskun. Veita skal stuðning úr Bygðasjóði eða af fjárlögum þar sem rétt er talið að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að viðhalda og efla byggð á tilteknum svæðum, enda leiði það ekki til þess að raska þeim framleiðsluáætlunum sem gerðar verða í samræmi við stefnumörkun þessa. Einkum verði greitt fyrir æskilegri framleiðslu í landbúnaði og nýjum verkefnum með slíku fjármagni.

Rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu verði beint sérstaklega að framangreindum verkefnum og kynningu á nýjungum er þau varða. Kannadir verði möguleikar á að koma upp og efla úrvinnslu- og þjónustuiðnað í sveitum.

Í rannsókn-, leiðbeininga- og fræðslustarfsemi verði lögð ríkari áhersla en verið hefur á rekstrarfræðileg atriði búskapar. Heimilt verði að skylda bændur til að færa búreikninga og niðurstöður þeirra nýttar svo sem hægt er til almennrar hagræðingar í búrekstri.

Greinargerð.

1. INNGANGUR.

Með bréfi dags. 10. mars 1980 var skipuð nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að semja tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Í nefndinni áttu sæti: Egill Bjarnason, ráðunautur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda og Helgi F. Seljan, alþingismaður.

Nefndin lagði mikla vinnu í störf sín og skilaði tvívegis á starfstíma sínum áfangatillögum um tiltekna þætti landbúnaðarmála, sem taka þurfti afstöðu til með skjótum hætti. Lokatillögum sínum skilaði nefndin 2. apríl 1981.

Nefndarmenn töldu æskilegt að aflað yrði frekari gagna, áður en tillagan væri lögð fyrir Alþingi. Þessi gögn voru í fyrsta lagi: Niðurstöður nefndar, sem vinnur að úttekt á þjóðhagslegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar. Í öðru lagi: Úttekt á búskaparhæfni og búrekstraráðstöðu einstakra jarða í hverju byggðarlagi. Í þriðja lagi: Aflað yrði frekari tölulegra upplýsinga um ýmsa þætti landbúnaðarmála og þær felldar inn í greinargerð tillögunnar.

Þrátt fyrir að þessi gögn liggi ekki enn fyrir að fullu, er tillagan nú flutt. Hún er að meginefni samin af nefnd þeirri, sem að framan getur, en auk þess hafa nokkrir af forstöðumönnum landbúnaðarstofnana lagt til efni um tiltekin sérsvið.

Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, hefur að mestum hluta aflað tölulegra upplýsinga og fellt þær inn í greinargerð tillögunnar. Hann hefur enn fremur tekið við efni, sem ekki kom beint frá nefndinni sjálfri, yfirfarið það og samræmt orðalag og tillöguna í heild.

Nefnd sú, er vinnur að úttekt á þjóðhagslegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar, hefur enn eigi lokið störfum. Á hinn bóginn hefur hún skilað áfangaskýrslu um vinnuafliþörf í landbúnaði og er hún prentuð sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu.

Mikil gögn liggja fyrir hjá Búnaðarfélagi Íslands um búskaparhæfni og búrekstraráðstöðu jarða, sem safnað hefur verið af búnaðarsamböndunum, en úrvinnslu þeirra er enn eigi lokið. Er þess vænt, að þau gögn muni leiða í ljós haldgóðar upplýsingar, sem geti orðið grundvöllur frekara skipulags í framleiðslumálum landbúnaðarins og byggðar í landinu. Gögn þessi verða birt, þegar vinnslu þeirra er lokið. Öllum þeim, sem unnið hafa að gagnasöfnun eða lagt fram vinnu við gerð þessarar þingsályktunartillögu, eru hér færðar þakkir.

Tillögugreinin felur í sér hver skuli vera meginmarkmið í íslenskum landbúnaði, ásamt frekari skýringum á því hvernig þeim markmiðum verði náð, og að hvaða verkefnum þurfi fyrst og fremst að vinna til þess að tilgreind stefnumörkun nái fram. Í tillögugreininni er því ekki beint vikið að atriðum sem upp kunna að koma og haft geta afgerandi áhrif á framkvæmd landbúnaðarstefnunnar, s. s. versnandi horfum um sölu kindakjöts erlendis, heldur er um það fjallað í greinargerð.

Í greinargerð kemur fram allglögg yfirlit yfir þróun landbúnaðarframleiðslunnar á síðari árum og stöðu hennar nú, miðað við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu og þá aðstöðu, sem þessi atvinnugrein býr við.

Greinargerðin skiptist í eftirfarandi meginkafla: Framleiðslu og ráðstöfun landbúnaðarafurða, markaðs- og framleiðslumöguleika, ræktun, heyfeng og fóðuriðnað, framleiðslu hráefnis til iðnaðar, landnýtingu og landvernd, tekju- og félagsmál, búsetu- og byggðapróun, búnaðarfræðslu, rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu og loks helstu niðurstöður. Dregin er fram staða einstakra búgreina og þeir möguleikar, sem hver þeirra felur í sér. Sérstök áhersla er lögð á að draga fram hvar unnt er að auka á framleiðslu til að nýta bæði innlandan og erlendan markað með viðunandi hætti. Þá er gerð grein fyrir nauðsyn þess, að samdráttur í framleiðslu búvara af hinum hefðbundnu búgreinum valdi ekki verulegri röskun

á búsetu, heldur eigi hún sér stað á skipulegan hátt, þannig að ný atvinnutækifæri komi til jafnhliða, ef slíkur samdráttur reynist óhjákvæmilegur.

2. FRAMLEIÐSLA OG RÁÐSTÖFUN LANDBÚNAÐARAFURÐA.

Framleiðslumagn landbúnaðarafurða fullnægði ekki innanlandsmarkaði fyrr en í lok sjötta áratugarins. Þjóðinni fjölgaði ört um þetta leyti og vaxandi velmegun leiddi til aukinnar neyslu á landbúnaðarafurðum.

Framleiðsla landbúnaðarafurða, skipt í höfuðdráttum eftir verðmæti, hefur þróast á eftirfarandi hátt árin 1960—1981. Tekið er meðaltal þriggja ára. Afurðaverðmæti er reiknað í millj. króna eftir verði landbúnaðarafurða 1969. Tölur fyrir árið 1981 eru áætlaðar:

	60/62	63/65	66/68	69/71	72/74	75/77	78/80	1981
1. Nautgripaafurðir	1 350	1 529	1 507	1 470	1 647	1 634	1 864	2 170
2. Sauðfjárafurðir	1 339	1 347	1 295	1 192	1 371	1 492	1 481	1 420
3. Hrossaafurðir	46	43	48	58	59	46	47	50
4. Alif., svín o. fl.	127	148	181	224	320	378	410	410
5. Garð- og gróðurhús	203	179	152	185	196	202	260	250
6. Hlunnindi	67	82	92	97	108	123	140	150
Alls:	3 132	3 228	3 275	3 226	3 701	3 875	4 202	4 450
Fólksfjöldi 1960/62=100,0	100,0	105,7	111,1	114,4	118,8	123,1	126,4	129,2

Samkvæmt ofanskráðum tölum jukust nautgripaafurðir um þriðjung umrætt árabíl, sauðfjárafurðir um tæplega $\frac{1}{10}$ hluta. Afurðir hrossa og garð- og gróðurhúsaafurðir voru nánast óbreyttar en afurðir alifugla, svína og loðdýra þrefalt meiri. Yfir sama tímabil fjölgaði þjóðinni um tæplega 30%.

Samkvæmt ofanskráðu hafa afurðir nautgripa aðeins vaxið um 3% umfram vöxt mannfjölda s. l. tvo áratugi fram á síðastliðið ár, afurðir sauðfjár hafa vaxið 16% minna en mannfjölguninni nemur, afurðir hrossa, garðræktar og gróðurhúsa hafa minnkað í hlutfalli við mannfjölda, um 25—30%, en afurðir af alifuglarækt, svínarækt, loðdýrarækt og hlunnindum margfaldast umrætt árabíl.

2.1. Afurðir nautgripa.

Svo sem áður er fram komið jukust afurðir nautgripa að meðaltali um 3% umfram mannfjölda á s. l. tveimur áratugum. Afurðir nautgripa skiptast í höfuðflokka, þannig að um 90% eru mjólk og um 10% eru sláturafurðir. Framleiðsluverðmæti nautgripaafurða hafa verið um 44% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða.

2.1.1. Mjólk.

Árið 1960 voru framleidd um 103.365 tonn af mjólk, sem skiptist þannig:

Innvegin mjólk í mjólkurbú	73%
Mjólk seld af bændum til neyslu	6%
Heimanotað til kálfaeldis, smjörframleiðslu og neyslu	21%

Árið 1981 er áætlað að framleiðslan hafi numið um 117.800 tonnum og hafi skipt þannig:

Innvegin mjólk í mjólkurbú	90%
Mjólk seld af bændum til neyslu	1%
Heimanotað til kálfaeldis, smjörframleiðslu og neyslu	9%

Samkvæmt þessu hefur dregið verulega úr því að bændur selji mjólk beint til neytenda. Einnig hefur dregið verulega úr notkun heimafenginnar mjólkur hjá bændum vegna fækkunar á fólki við landbúnað og þess að þeim fjölgar sífellt í sveitum, sem kaupa mjólk frá mjólkurbúi.

Svo sem áður er nefnt varð framleiðsla mjólkur fullnægjandi fyrir innanlandsnotkun fyrir um tveimur áratugum. Eftirfarandi tafla sýnir umframframleiðslu á mjólk hvert þriggja ára tímabil frá árinu 1960. Tölurnar sýna það hlutfall mjólkurinnar sem er umfram notkun innanlands, reiknað eftir fituinnihaldi og áætlaðri þörf á mjólk til framleiðslu á smjöri, ostum og öðrum mjólkurafurðum.

	60/62	63/65	66/68	69/71	72/74	75/77	78/80	1981
Framleiðsla umfram innanlandsmarkað, %	3,6	14,6	5,5	8,8	6,8	10,2	9,9	6,0

Svo sem tölurnar bera með sér varð verulegt misræmi milli framleiðslu og eftirspurnar á mjólk á fyrri hluta sjöunda áratugarins og á ný seinni hluta áttunda áratugarins. Árið 1965 var 1/3 hluti mjólkurframleiðslunnar umfram þörf innanlands. Því misvægi var komið í lag með töku á innvigtunargjaldi sem bændur greiddu á hvern lítra af mjólk og dróst frá verði til þeirra. Árið 1977 og árið 1978 voru 16—18% mjólkurframleiðslunnar umfram innanlandsþörf. Mjólkurframleiðslan náði jafnvægi árið 1980 við gjaldtöku á kjarnfóður.

Eftirfarandi tölur sýna áætlun um ráðstöfun mjólkur, sem fór til neyslu innanlands árið 1960, en það ár var framleiðsla mjólkur jöfn neyslunni. Til samanburðar er ráðstöfun á mjólk árin 1980/81. Vegna smjörútsölu í nóvember 1980 er tekið meðaltal tveggja ára í þessum samanburði.

Ráðstöfun mjólkur	1960	1980/81	
1. Neyslumjólk	57,7%	48,0%	
2. Vinnslumjólk	38,8%	48,5%	
þ. a. smjör		26,2%	26,8%
í rjómi		8,5%	12,1%
í ostar		4,0%	8,8%
3. Fóðurmjólk	3,5%	3,5%	
	100,0	100,0	

Mjólkurnotkun skiptist þannig reiknað í kg á íbúa:

	1960	1980/81 meðaltal 2ja ára	
Neyslumjólk	337,8	242,6	
Vinnslumjólk	227,3	245,1	
þ. a. í smjör		153,3	135,6
í rjóma		49,6	60,9
í ostar		23,5	44,7
Mjólk til neyslu og vinnslu samtals	565,1	487,7	

Þessar tölur sýna að notkun mjólkur og mjólkurvara er 13,7% minni á íbúa nú en fyrir tveimur áratugum, eða sem nemur 77,4 kg á mann og 17—18 millj. kg í heild.

Þessi samdráttur í neyslu á mjólk og mjólkurvörum hefur verið meginorsök ójafnvægis í framleiðslu- og markaðsmálum mjólkur og mjólkurafurða, þar sem honum var ekki gefinn gaumur í tæka tíð.

2.1.2. Sláturafurðir.

Nautgripakjötsframleiðslan hefur svo til eingöngu selst innanlands undanfarin ár. Framleiðslan er að langmestu leyti byggð á eldi kálfa undan mjólkurkúm til slátrunar og geldneytum og mjólkurkúm, er koma til frálags. Kjötframleiðsla af holdanautum er lítills háttar.

Kjötframleiðslan er talin þessi:

Ár	Nautgripakjöt tonn	Umreiknað á íbúa, kg.
1960	1 400	8,0
1965	2 300	12,6
1970	2 090	10,2
1975	2 877	13,2
1976	2 900	13,2
1977	2 761	12,4
1978	2 590	11,6
1979	3 324	14,7
1980	2 230	9,8
1981	2 538	11,0

Samkvæmt þessu er nautgripakjötsframleiðslan einungis á bilinu 12—14 kg á íbúa. Framleiðslumöguleikar mjólkurkúastofnsins eru ekki verulega meiri en framleiðsla undanfarinna ára. Færa má töluleg rök fyrir því að hámarksframleiðsla stofnsins sé ekki umfram 4000 tonn á ári, sem svarar til 17 kg á íbúa árið 1982.

2.2. Afurðir sauðfjár.

Afurðir sauðfjár hafa verið um 35% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Afurðir sauðfjár hafa skipst þannig að um 88% eru verðmæti í kjöti og slátri, 5—6% í gærum og um 6—7% í ull. Þá er miðað við það verð, sem bóndinn fær greitt.

2.2.1. Kindakjöt.

Útflutningur á kindakjöti lá niðri fram til ársins 1955 vegna niðurskurðar sauðfjár og fjárskipta. Framleiðsla á kindakjöti óx tiltölulega hratt eftir fjárskiptin og útflutningur á kindakjöti því samfara. Árið 1960 er áætlað að framleiðsla á kindakjöti þ. m. t. heimaslátrun, hafi numið um 11.500 tonnum. Þar af fóru um 3200 tonn til útflutnings en um 8300 tonn til sölu innanlands. Neysla á íbúa þetta ár nam um 49,5 kg.

Framleiðsla og ráðstöfun á kindakjöti hefur verið sem hér segir s. l. áratugi. Sýnt er meðaltal þriggja ára, talið í tonnum. Áætlað er að heimaslátrun nemi 300 tonnum á ári árin 1978—1981.

Ár:	60/62	63/65	66/68	69/71	72/74	75/77	78/80	1981
1. Framleiðsla	12 587	11 712	13 015	12 120	13 431	14 592	14 993	14 224
2. Neysla innanlands	9 108	8 985	8 906	8 313	10 142	9 909	10 529	9 877
3. Útflutningur	3 043	2 661	3 853	3 612	2 810	4 093	4 631	3 201
4. Birgðabreyting (+ rýrnun)	+436	+66	+256	+195	+478	+590	-167	+1 146
5. Útfl. sem % af framleiðslu	24,2	22,7	29,6	29,8	20,9	28,1	30,9	22,5

Eins og framanskráðar tölur bera með sér hefur útflutningurinn verið nokkuð sveiflukenndur, annars vegar vegna sveiflna í framleiðslu á kindakjöti og hins vegar sem afleiðing sveiflna í sölu. Þær sveiflur eru til komnar vegna misjafnrar kaupgetu almennings og breytinga á niðurgreiðslum á verði kindakjötsins í hlutfalli við kostnaðarverð. Neysla á íbúa af kindakjöti árið 1969 varð aðeins 36,4 kg, en það ár voru niðurgreiðslur á verði landbúnaðarafurða hlutfallslega lágur og afkoma almennings í lakara lagi. Dæmi um hið gagnstæða

eru árin 1963 og 1974, en þá varð neyslan um 50 kg á íbúa. Sá munur sem þarna kemur fram nemur um 13—14 kg á íbúa á ári, sem svarar til 3100 tonna söluaukningar á kjöti yfir árið, sé reiknað með sama íbúafjölda og var á s. l. ári. S. l. þrjú ár hefur neyslan verið á bilinu 46—50 kg á íbúa.

2.2.2. Gærur og ull.

Gærur falla til í hlutfalli af kindakjötsframleiðslunni, sem er breytilegt eftir aldri og fallþunga sláturfjárins. Í megindráttum má reikna gæruþungann sem 20—22% af kjöþunga. Gráar gærur sem hafa verið verðmeiri en hvítar eru um 6½% af heild. Á undanförunum árum hefur fjöldi af mislitum gærum farið vaxandi sem rýrir heildarverðmæti gæranna. Það er líklega vegna áherslu bænda á framleiðslu á gráum gærum.

Árið 1980 féllu til um 950 þús. gærur, er var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Gærur útfluttar saltaðar	50 þús. stk.
Gærur útfluttar piclaðar og forsútaðar	743 þús. stk.
Gærur útfluttar loðsútaðar	43 þús. stk.
Gærur unnar í mökkasútun	114 þús. stk.

Framleiðsla á ull nam á s. l. 6 árum þessu:

Árið 1976 1600 tonnum, þar af vetrarrúíð	36,3%
Árið 1977 1590 tonnum, þar af vetrarrúíð	40,2%
Árið 1978 1493 tonnum, þar af vetrarrúíð	47,0%
Árið 1979 1711 tonnum, þar af vetrarrúíð	50,0%
Árið 1980 1552 tonnum, þar af vetrarrúíð	47,2%
Árið 1981 1660 tonnum.	

Árið 1975 voru hafnar niðurgreiðslur á verði ullarinnar og að því stefnt að markaðsverð á íslenskri ull til iðnaðarins væri sem næst því verði sem greiddist fyrir hliðstæða ull á heimsmarkaði. Til að reikna út hverju sinni hvert það verð er, var stofnaður af landbúnaðarráðuneytinu starfshópur í ágúst 1980. Í starfshópnum eru tveir fulltrúar tilnefndir af sexmannanefnd, tveir fulltrúar tilnefndir af aðilum iðnaðarins og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Auk vor- eða vetrarrúinnar ullar falla til um 500 tonn af klipptri ull árlega sem aukaafurðir við sútun á mökkaskinum. Þessi ull er verðminni og einungis nothæf til íblöndunar við ull með fulla lengd ullarhára.

2.3. Afurðir hrossa.

Framleiðsluverðmæti af hrossum er áætlað rúmlega 1% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Þá eru einungis talin lífhross, seld til útlanda, og kjöt og húðir. Talið er að um 900 tonn af hrossakjöti falli til árlega. Þar af fór um 1/7 hluti til útflutnings s. l. tvö ár.

Hrossum hefur fjölgað allmikið á undanförunum árum. T. d. voru þau talin 30 794 árið 1960, en árið 1980 eru þau talin 52 346 eða 70% fleiri.

2.4. Afurðir alifugla, svína o. fl.

Verðmæti þessara afurða hefur aukist undanfarin ár og er nú talið tæplega 10% af verðmæti landbúnaðarafurða. Afurðir alifugla eru þar af 7/10 hlutar og afurðir svína 1/7 hluti og loðdýr o. fl. um 1/7 hluti.

2.4.1. Afurðir alifugla.

Að verðmæti skiptast þær í um 70% egg og 30% kjöt. Framleiðsla á hvoru tveggja hefur legið mjög nærri markaðsþörf innanlands hverju sinni. Meiri hætta hefur verið á tímabundnum skorti á eggjum en alifuglakjöti vegna erfiðleika á geymslu eggjanna.

2.4.2. Afurðir svína.

Einungis kjötið er nýtt hér á landi. Erlendis eru unnar ýmsar aukaafurðir, m. a. til lyfjaframleiðslu. Framleiðslan hefur verið aðlöguð markaðspörf innanlands hverju sinni.

2.4.3. Afurðir loðdýra.

Framleiðsla loðskinna á Íslandi er enn mjög lítil, borin saman við framleiðslu hjá nágannapjóðum okkar, Skandinövuð og Bretum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda aliminka og minkahvolpa 1970—1981:

Ár	Læður	Högnar	Framl. skinn
1970	900	100	3 000
1971	7 600	1 250	17 000
1972	9 800	1 450	14 500
1973	9 900	1 550	19 000
1974	9 000	1 470	27 000
1975	10 700	1 650	32 500
1976	10 190	1 770	32 000
1977	7 350	1 660	23 000
1978	7 180	1 580	23 000
1979	7 050	1 550	22 200
1980	7 320	760	24 700
1981	7 475	800	24 600

Af töflunni sést að mest varð framleiðsla á minkaskinum 1975, en þá voru starfandi sjö minkabú á landinu, en í árslok 1976 fækkar búunum í fjögur og féll þá framleiðslan niður í 23 000 skinn og hefur verið svipuð síðan.

Refaræktin hófst hér á landi að nýju í árslok 1979. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda alirefa og yrðlinga í landinu:

Ár	Refalæður	Refahögnar	Yrðlingar
1980	210	70	1 092
1981	628	210	4 175
1982	1 544	499	...

2.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir.

Garð- og gróðurhúsaafurðum má deila í fimm aðalflokka: Ylræktun, útmatjurtaræktun, garðplönturækt, skrudgarðyrkju og kartöflu- og gulrófnarækt.

Vegna mikilla sveiflna af völdum árferðis í þessari framleiðslu, einkum útiræktun, er framleiðslan allbreytileg milli ára. Þó má áætla að þessi framleiðsla sé um 6% af heildarframleiðslu landbúnaðarafurða og skiptist þannig, að $\frac{2}{3}$ hlutar hennar fást af ræktun kartafna og rófna og $\frac{1}{3}$ hluti af gróðurhúsaafurðum.

2.5.1. Saga og þróun.

Garðyrkjan á sér ekki langa sögu hér á landi, og það er ekki fyrr en kemur nokkuð fram á þessa öld að garðyrkjan tekur að festa rætur og verða atvinnugrein, en fyrst kemst skriður á þegar Garðyrkjuskóli ríkisins er stofnaður og tekur til starfa árið 1939.

Fyrsta íslenska gróðurhúsið hitað upp með hverahita var byggt á Reykjum í Mosfellsveit árið 1924, en síðan hefur þróunin verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi m ² undir gleri
1924	150
1929	1 200
1939	9 300
1950	63 000
1960	95 000
1970	120 000
1980	170 000

Fjöldi garðyrkjustöðvanna er um 130.

2.5.2. Framleiðsla og markaðsþörf.

Eftirfarandi yfirlit sýnir magn heistu garð- og ylræktarafurða sem Sölufélagi garðyrkjumanna barst til sölu frá framleiðendum og framleiðslu á kartöflum og gulrófum árin 1975 og 1980. Nokkur heimasala afurða er til viðbótar afurðum sem Sölufélagið fær til umsetningar. Einnig eru sýndar tölur um innflutning á fersku grænmeti og kartöflum þessi ár.

Tegundir, tonn	1975		1980	
	Framleiðsla innanlands	Innflutningur	Framleiðsla innanlands	Innflutningur
Tómatar	264,4	15,9	418,4	73,2
Gúrkur	285,7		338,4	
Paprika	7,1		19,5	
Gulrætur	37,8	855,7	55,5	1 631,4
Hvítkál, rauðkál	87,9		150,8	
Blómkál	17,9		64,1	
Gulrófur	287,1		902,5	
Kartöflur	6 304,9	3 452,7	15 340,9	4 990,0

Umtalsverð neysluaukning hefur átt sér stað á þessum árum í öðrum vörum en kartöflum. Árið 1975 var tiltölulega léleg uppskera á kartöflum en mjög góð árið 1980 skv. þessum tölum.

Á sama hátt og innflutningur á nýju grænmeti hefur stórukist, jókst innflutningur á frystu og þurrkuðu grænmeti, úr 44,8 tonnum árið 1975 í 248,2 tonn árið 1980.

2.5.3. Tegundaval.

Fjölbreytni og eftirspurn eftir grænmetistegundum hefur aukist hratt á undanförunum árum og standa neytendum nú til boða um 30 tegundir grænmetis og ávaxta, sem eru ræktaðar hér á landi.

Tómatar	Hreðkur	Hvítkál	Rauðrófur
Gúrkur	Sellery	Rauðkál	Hnúðkál
Paprika	Gulrætur	Blómkál	Spergilkál
Salat	Næpur	Grænkál	Iceberg salat
Steinselja	Rabarbari	Rósakál	Gulrófur
Eggaldin	Graslaukur	Skrautkál	Kartöflur
Belgbaunir	Bláðlaukur	Kínakál	Kryddjurtir, 10 teg.

Auk þessara mörgu tegunda matjurta eru flestar tegundir afskorinna blóma og potta-plantna, sem eru ræktaðar erlendis, einnig ræktaðar hér, þó svo enn megi auka fjölbreytnina.

2.6. Lax- og silungsveiði.

Lax- og silungsveiði er eðlilegt að skipa í tvo flokka, annars vegar sportveiði og hins vegar framleiðslu á matvælum.

2.6.1. Sportveiði.

Sportveiði er stunduð á tvennan hátt, annars vegar stangaveiði í ám og hins vegar stangaveiði í vötnum. Stangaveiði í laxveiðiám er þýðingarmest sportveiða. Kemur þar til að þessi tímstundaiðja er mjög eftirsótt bæði innanlands og utan og því keypt háu verði.

Á Íslandi eru nú u. þ. b. 80 laxveiðiár og hefur þeim fjölgað undanfarna áratugi auk þess sem laxgengd hefur aukist.

Síðustu ár hefur laxveiði á stöng verið sem hér segir:

Laxveiði á stöng 1969—1981

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1969	21 724	1976	39 249
1970	33 583	1977	41 302
1971	40 623	1978	52 679
1972	45 351	1979	43 955
1973	43 667	1980	30 007
1974	34 107	1981	26 124
1975	45 882		

(Laxgengd er háð ýmsum náttúrulegum sveiflum, og má ætla að síðustu tvö árin hafi stanga-veiði náð lágmarki slíkrar sveiflu).

Laxveiðar á stöng eru sem fyrr segir eftirsótt tímstundaiðja og gefur veiðiréttareigendum umtalsverðan arð. Tölur frá 1978 sýna eftirfarandi:

Leyfilegt hámarksframboð veiðileyfa	32 900 veiðidagar
Haldið eftir vegna friðunar eða óselt	8 900 veiðidagar
Seldir erlendis	5 000 veiðidagar
Seldir innanlands	19 000 veiðidagar
Áætlað söluverð veiðileyfa erlendis	224 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa innanlands	333 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa samtals	557 millj. kr.
– Kostnaður alls	130 millj. kr.
Nettótekjur veiðiréttareigenda (Verðlag ársins 1978)	427 millj. kr.

Tölur fyrir stöðuvötn um veiði og sölu veiðileyfa eru ekki til.

2.6.2. Matvælaframleiðsla.

Matvælaframleiðsla laxfiska skiptist í fjóra höfuðflokka:

2.6.3. Netaveiði.

Netaveiðar á laxi eru stundaðar á nokkrum stöðum á landinu. Veiðin hefur yfirleitt numið 32—36% af heildarlaxveiðinni.

Netaveiði

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1976	17 137	1979	18 452
1977	20 864	1980	18 769
1978	26 227		

Silungsveiði í net er mikil en tölur um hana eru ekki fyrirleggjandi.

2.6.4. Hafbeit.

Hafbeit nefnist það þegar niðurgönguseiðum er sleppt í sjó til þess síðan að alast upp villtum og koma til baka í heimaána fullvaxta. Þá er fiskurinn veiddur í gildru og slátrað.

Víða erlendis hefur gengdarlaus laxveiði í sjó gert allar hugmyndir manna um hafbeit óraunhæfar. Mest hefur verið unnið að hafbeit á vesturströnd Bandaríkjanna, oft með talsverðri þátttöku hins opinbera.

Hér á landi hófust hafbeitartilraunir með stofnun Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði um 1963. Síðan þá hefur verið unnið að tilraunum og endurbótum á þessari tegund búskapar. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur má fullvíst telja að hafbeit eigi hér mikla möguleika.

Hafbeit hefur verið stunduð að nokkru marki frá Kollafirði, frá Lárósi á Snæfellsnesi og frá Botni í Súgandafirði.

Áhugi manna á hafbeit hefur aukist mjög að undanfögnu. Eru víða að fara af stað umtalsverðar áætlanir með þátttöku fjársterkra aðila.

Framleiðsla lax á síðustu árum með hafbeitaraðferð hefur verið sem hér segir.

Framleiðsla lax með hafbeit

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1976	3 247	1979	2 100
1977	2 409	1980	3 138
1978	1 975		

2.6.5. Strandkvíaeldi.

Strandkvíaeldi er fólgið í því að ala lax í búrum á landi en dæla sjó í þau. Fiskurinn er síðan alinn svipað og gert er í seiðaeldisstöðvum.

Norðmenn hófu sitt eldisstarf á strandkvíaeldi. Hár fjárfestingar- og rekstrarkostnaður (dæling sjávar) leiddi þó fljótlega til þess að þeir skiptu yfir í kvíaeldi, enda hafa þeir til þess ákjósanlegar aðstæður.

Helstu kostir þessa eldisforms við íslenskar aðstæður eru þær að kostur gefst á að hita sjóinn og velja laxinum þannig kjörhita.

Strandkvíaeldi hefur um nokkurra ára skeið verið stundað að Húsatóftum við Grindavík. Þótt starfsemin þar hafi þurft að yfirstíga ýmsa erfiðleika hefur hún fyllilega sannað tilverurétt sinn.

2.6.6. Kvíaeldi.

Með kvíaeldi er átt við eldi lax í flotbúrum í sjó. Helstu skilyrði sem uppfylla þarf til að kvíaeldi heppnist eru hagstætt hitastig sjávar og skjól fyrir veðrum.

Kvíaeldi hefur verið reynt af og til hér við land frá árinu 1972 er Fiskifélag Íslands stóð að tilraunum með kvíaeldi í Hvalfirði. Tilraunir til kvíaeldis hafa gengið misjafnlega. Helsti þröskuldurinn hefur verið lágur sjávarhiti köldustu mánuði ársins. Undantekning er eldi í Lóni í Kelduhverfi, en þar háttar svo til að sjávarblandað lónið hitnar vegna jarðhita. Hefur þetta reynst hið ákjósanlegasta umhverfi fyrir lax, og er nú þegar í gangi stórfellt eldi þar. Fyrstu laxarnir frá þessari eldisstöð komu á markað innanlands í lok ársins 1981 og þóttu prýðileg vara.

2.7. Skógrækt.

Afurðir af skógrækt eru enn ekki stór þáttur í landbúnaðarframleiðslu hérlendis. Þessum afurðum má skipta í tvo flokka, þ. e. í framleiðslu viðar og jólatrjáa.

2.7.1. Viðarframleiðsla.

Viður er nú framleiddur á aðeins tveimur skógarsvæðum á Íslandi:

- 1) Hallormsstað á Fljótsdalshéraði.
- 2) Í Suður-Píngeyjarsýslu: Fnjóskadal og Köldukinn. Skóglendið á Hallormsstað er 800 ha alls, en viður er ekki tekinn af því svæði nærri öllu.

Um er að ræða:

- 1) **Birki** sem nú fellur nær eingöngu til í sambandi við gróðursetningu innfluttra trjátegunda sem gróðursettar hafa verið í 165 ha, og
- 2) **Lerki** sem mestallt hefur verið gróðursett eftir 1951. Hingað til hefur viður verið tekinn úr lerkiteigum sem gróðursettir voru á árunum 1951—1959 er nema 15 ha, auk 1 ha lerkiteigs frá 1938.

Í Suður-Píngeyjarsýslu hefur viður eingöngu fallið til úr birkiskógum, sem eru nálægt 1000 ha.

Viðarafurðir eru:

- 1) Eldiviður til upphitunar og reykinga. Langmest magn hefur farið til reykinga hjá Niðursuðuverksmiðju K. Jónsson & Co. á Akureyri.
- 2) Girðingarstaurar.
- 3) Efniviður til smíða, aðallega föndurs í skólum.
- 4) Borðviður sem aðeins hefur fengist úr lerkiteigum frá 1938 á Hallormsstað. Borðviðurinn er því unninn úr 35 ára gömlum lerkiskógi. Lengri tíma mun taka að fá fyrsta borðvið úr öðrum trjátegundum (greni og furu), sennilega um 50 ár.

2.7.2. Framleiðsla jólatrjáa.

Jólatré eru nú tekin á nokkrum stöðum á landinu, í Borgarfirði, Skagafirði, Eyjafirði, S-Píngeyjarsýslu, Upphéraði, Þjórsárdal, Haukadal, Þingvöllum og eitthvað smávegis á öðrum stöðum.

Árlega eru felld um 10 þús. tré en markaður er fyrir ca. 30 þús. tré. Þessum markaði ætti að vera hægt að fullnægja, en ætla má að 10—20 ár taki að ná því marki þó vel sé að unnið.

Við verðlagningu á jólatrjám er stuðst við verð á innfluttum trjám, sem eru nú með 90% tolli og 30% vörugjaldi. Giska má á að heildsöluverðmæti 30 þús. jólatrjáa sé um 4,5 millj. kr.

Fram til þessa hafa nær öll íslensk jólatré komið frá Skógrækt ríkisins en smáhluti frá skógræktarfélagum. Áætla má að árið 1981 hafi heildarsala skógarafurða numið 1,5 millj. kr., þar af 250 þús. kr. vegna viðarsölu.

3. MARKAÐS- OG FRAMLEIÐSLUMÖGULEIKAR.

Svo sem fram er komið selst meginhluti landbúnaðarafurða innanlands. Útflutningur landbúnaðarafurða er takmörkunum háður, einkum fyrir afurðir til manneðis, vegna almennrar umframframleiðslu í tæknipróuðum þjóðfélögum, þrátt fyrir að vanþróaðar þjóðir líði skort.

3.1. Afurðir nautgripa.

Að fenginni reynslu undanfarin ár, eru litlar horfur á að nautgriparæktin geti treyst á aðra markaðsmöguleika en þá sem eru innanlands. Til að flytja út umframframleiðslu mjólkur undanfarin ár hefur henni verið breytt í osta. Útflutningsverð á þeim hefur skilað litlu umfram vinnslukostnað mjólkurinnar. Á tímabili voru horfur á að möguleikar væru að opnast fyrir ostaútflutningi til Bandaríkjanna en þær vonir hafa ekki ræst.

3.1.1. Framleiðsla á mjólk.

Til að mæta breytingum á mjólkurframleiðslunni af völdum ytri aðstæðna, svo sem veðurfars, þarf hún að vera 5—7% umfram þörf markaðarins.

Niðurgreiðslur hafa mikil áhrif á neyslu mjólkurvara. Samkvæmt athugun sem gerð var af áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1973 yrði neysla mjólkurafurða, umreiknuð í mjólkurlíttra, um 8 milljónum lítra minni ef mjólkurafurðir væru óniðurgreiddar, en þegar þær eru niðurgreiddar sem svarar vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkurvaranna. Sé við það miðað að hafa mjólkurframleiðsluna 5% umfram markaðsþörf og að halda áfram niðurgreiðslum á mjólkurvörum, lítur dæmið þannig út:

Mjólk til neyslu og vinnslu og fódurmjólk	114 millj. kg. ¹⁾ *
Umframþörf, 5%	6 millj. kg.
	—
Framleiðsluþörf alls	120 millj. kg.
Hámarksframleiðslugeta	135 millj. kg.
	—
Umframframleiðsla	15 millj. kg.

Hámarksframleiðslugetan er miðuð við framleiðslu áranna 1978 og 1979, er framleiðslumöguleikar voru hvað bestir, einkum vegna niðurgreiðslu erlendra ríkja á útfluttu korni.

3.1.1.1. Stjórnun mjólkurframleiðslunnar.

Greina verður á milli stjórnunaraðgerða sem hafa langtímaáhrif og þeirra sem virka á skemmri tíma. Til að vinna á móti sveiflum í mjólkurframleiðslunni er nauðsynlegt að stjórnvöld þekki og hafi heimild til að beita báðum þessum möguleikum. Þær stjórnunaraðgerðir sem telja má að eigi rétt á sér eru þessar:

1. Niðurgreiðsla mjólkur og vinnsluvara verði nálægt vinnslu- og heildsölukostnaði, þó breytileg ef verulegar sveiflur verða í framboði og eftirspurn.
2. Nokkurt gjald verði lagt á innflutt kjarfóður og því breytt ef tímabundnar sveiflur verða á framboði og eftirspurn.
3. Ákveðið verði svæðisbundið framleiðslumagn mjólkur með hliðsjón af sölusvæðum og markaðsþörf þeirra. Mjólkurframleiðsla umfram það verði greidd með stíglækkandi verði þegar útflutningsbætur verða ónógar.
4. Útflutningsuppbætur verði ekki greiddar á mjólkurafurðir umfram það sem nemur 5% af verðmæti mjólkurframleiðslunnar allrar á verði til bændu.
5. Verð mjólkur verði ákveðið mishátt eftir árstíðum til að jafna árstíðabundnar sveiflur í mjólkurframleiðslunni. Jöfnun á flutningskostnaði mjólkur verði stillt í hóf, þannig að frekar dragi úr óhagkvæmri framleiðslu á mjólk vegna fjarlægðar einstakra býla frá mjólkurbúi. Bændum sem fyrir því verða sé gefinn kostur á framlögum og hagkvæmum lánnum til að breyta búskap sínum í arðvænlegra form. Byggðasjóði verði falin verkefni á þessu sviði. Ennfremur að greiða fyrir mjólkurframleiðslu á afskekktum svæðum og/eda flutningi á mjólk og mjólkurvörum frá öðrum sölusvæðum ef hentugra þykir.

3.1.2. Framleiðsla á nautgripakjöti.

Framleiðsla þess verði miðuð við þörf innanlands. Nýttir verði þeir möguleikar til kjötframleiðslu sem mjólkurkúastofninn býður upp á en kjötgæði bætt með notkun holda-nauta eftir því sem tók eru á.

¹⁾ Þar af innvegið í mjólkurbú 102 millj. kg.

3.2. Afurðir sauðfjár.

Áður er fram komið að kindakjötið gefur sauðfjárþændum um 88% brúttótekna en afgangur teknanna kemur af ull og gærum. Vegna þess hversu mikill hluti teknanna kemur af kjötinu er óraunhæft að ætla að þændur geti rekið sauðfjárþú í þeim tilgangi einum að framleiða ull og gætur vegna þess hversu hér er um að ræða verðmætt hráefni til iðnaðar.

3.2.1. Kindakjötsframleiðslan.

Eins og fram hefur komið hefur fimmtungur til þriðjungur framleiðslu kindakjöts verið umfram neyslu innanlands og farið til útflutnings. Þetta hefur verið all breytilegt vegna sveiflna í framleiðslu á kindakjöti, í kaupgetu og verði kindakjöts þegar niðurgreiðslur hafa ekki fylgt verðlagi.

Verð það sem fékkst fyrir útflutt kindakjöt dró langleiðina til þess að greiða allan kostnað við framleiðsluna fyrir um áratug, en hefur nú fallið niður í um 4/10 hluta af framleiðslukostnaði. Þetta er aðallega vegna lækkandi kaupverðs á kindakjötinu, einkum í Noregi og Svíþjóð, en einnig vegna verðbólgu- og gengisþróunar undanfarinna ára. Aðflutningsgjöld og söluskattur á rekstrarvörur landbúnaðarins umfram það sem útflutningsatvinnuvegirnir bera, eiga hér einnig hlut að máli.

Samkvæmt eftirspurnarathugun Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar sem m. a. eru könnuð verðáhrif á neyslu kindakjöts, kemur fram að ætla megi neyslu á kindakjöti um 47—49 kg á íbúa, séu niðurgreiðslur á verði þess um það bil sem nemur slátur- og heilðsölukostnaði, en um 40—42 kg án niðurgreiðslna. Með niðurgreiðslum gæti stærð innlenda markaðarins numið um 11.000 tonnum á ári en án þeirra um 9.500 tonnum. Framleiðsla árin 1978 og 1979 var um 15.300 tonn, sem er nálægt hámarksframleiðslugetu við núverandi aðstæður. Framleiðslugeta umfram markaðsþörf innanlands er því um 28—38%, eftir því hvort niðurgreiðslur á verði þess eru eða ekki.

Nú kunna að vera á lofti þær blikur í markaðsmálum erlendis að óhjákvæmilegt reynist að draga nokkuð úr kindakjötsframleiðslunni frá því sem verið hefur síðustu árin.

3.2.1.1. Framleiðslustjórnun.

Vegna þeirrar verðmætasköpunar sem er möguleg í úrvinnslu á ull og gærum þarf að gæta að eftirfarandi atriðum:

1. Reynt verði til þrautar að gera útflutning á kindakjöti hagkvæmari með:
 - a) Öflun nýrra og betri markaða, m. a. leiti stjórnvöld eftir tvíhliða samningum um útflutning á kindakjöti við önnur ríki.
 - b) Hagkvæmni og framleiðniaukandi aðgerðum á öllum framleiðslustigum.
 - c) Niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts af útfluttum afurðum.
 - d) Betri nýtingu heimalanda jarða með framræslu og áburðargjöf og skipulagningu á beit og rétttri nýtingu afréttarlanda.

Þetta verkefni verði tekið með í framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar.

2. Reynist óhjákvæmilegt að draga saman sauðfjárframleiðslu skal kappkostað að sá samdráttur verði hjá þeim þændum sem auðveldast eiga með að mæta honum með tilliti til bústærðar og annarra framleiðslumöguleika á viðkomandi landssvæði.

Slíkum samdrætti verði m. a. náð með takmörkun fjárfestingarlána, kjarnfóðurgjaldi og með beinu samkomulagi við einstaka þændur. Sauðfjáreign í þéttbýli verði takmörkuð og stillt í hóf á búum hins opinbera, þó án þess að skaða rannsókn- og fræðslustarfsemi í sauðfjárrækt.

Áhersla verði lögð á nána samvinnu bændasamtakanna og stjórnvalda um skipulag slíkra aðgerða og uppbyggingu atvinnutækifæra í stað þeirra sem eru í sauðfjárrækt.

3. Náist ekki skráð verð fyrir kindakjöt sem fer til útflutnings, að viðbættum útflutningsbótum og annarri fyrirgreiðslu sem veitt kann að verða, beri framleiðendur og þeir sem annast slátrun og heildsölu afurðanna hallann, þannig að allir þessir aðilar hafi fullra hagsmuna að gæta við útflutninginn og sýni fyllstu hagkvæmni.
4. Gerð verði áætlun um rannsóknir á möguleikum fyrir feldfjárrækt, þannig að úr fáið skorið hvort hún geti talist hagkvæm.

3.3. Afurðir hrossa.

Hrossaræktin hefur ekki enn sýnt sig að hafa möguleika sem sjálfstæð búgrein, en hagkvæmni hennar hefur falist í því að vera aukabúgrein hjá bændum þar sem haglendi er mikið og beit góð.

Hlutur hrossaræktarinnar í landbúnaði er hlutfallslega smár og verulegur hluti hennar er í höndum þéttbýlisbúa.

3.3.1. Framleiðslu- og sölumöguleikar.

3.3.1.1. Sala á reiðhestum innanlands.

Þessi markaður er allgóður hvað snertir verð, en ekki stór. Þó má ætla að hann haldist við eða jafnvel aukist með vaxandi hestaeign í þéttbýli, en þar er hestamennska vaxandi sport og tómstundaiðja og kominn er vísir að hestaiþróttum víða um land. Þessi markaður byggir á reiðhestarækt. Því er nauðsyn að sinna hrossaræktinni vel, m. a. með því að auka fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi á sviði hrossaræktar í því augnamiði að ná meiri árangri á sviði kynbóta, fóðrunar, tamninga og í allri umönnun um hrossastofninn. Jafnframt þarf að reyna að koma betra skipulagi á markaðs- og sölumál þegar um verslun með reiðhesta er að ræða.

3.3.1.2. Útflutningur reiðhesta og kynbótahrossa.

Þessi markaður er ekki verulegur, eða 300—500 hross á ári, en hann hefur stundum skilað allgóðu verði, einkum fyrir stóðhesta og hryssur. Líkur eru fyrir því að þessi markaður geti haldist, einkum þó fyrir kynbótagripi, þ. e. stóðhesta og hryssur og verð á þeim gæti hækkað. Sama gildir um þennan markað og innlenda reiðhestamarkaðinn, að hann byggist á öflugum ræktunarstarfi. Á þessu sviði þarf einnig að endurmeta það fyrirkomulag sem nú er varðandi markaðsleit og sölufyrirkomulag þegar um útflutning lífhrossa er að ræða. Hár flutningskostnaður gæti reynst erfiður þröskuldur við útflutning almennra reiðhesta í samkeppni við hesta af íslenskum stofni, ræktaða erlendis.

3.3.1.3. Sala á hrossakjöti.

Nokkur markaður er fyrir hrossakjöt til neyslu innanlands og hefur hann verið nýttur. Nú virðist vera að opnast nokkur markaður erlendis fyrir hrossakjöt. Þann markað þarf að nýta, skili hann viðunandi verði. Nú hafa verið tekin upp afurðalán út á afurðir af hrossum eins og aðrar búfjárafurðir, þar með talinn útflutningur á lifandi gripum.

3.3.1.4. Aðrar afurðir.

S. l. tvö ár hefur nokkurt magn af blóði úr fylfullum hryssum verið flutt út til Danmerkur og notað til lyfjagerðar. Þessi markaður er rúmur og gefur allgott verð.

3.4. Afurðir alifugla, svína o. fl.

3.4.1. Afurðir svína og alifugla.

Á meðan ekki tekst að framleiða korn hér á landi er landið ekki jafn þýðingarmikill þáttur í framleiðslu svína og alifugla og hefðbundinna búgreina í nautgripa- og sauðfjárrækt. Alifugla- og svínarækt fer nú fram í mjög stórum einingum þar sem þáttur vinnuafslins er

hlutfallslega helmingi minni en í nautgripa- og sauðfjárrækt og mestur hluti daglegrar rekstr-
arvöru er innfluttur.

Talið er að um 36% hæsnastofnsins sé á átta býlum sem hafa hvert yfir 5000 alifugla.
Alls munu um 1000 aðilar vera með einhverja framleiðslu á alifuglaafurðum.

Á 120—130 býlum er nokkur svínarækt. Langmestur hluti hennar er þó á fáeinum
býlum, sem teljast vera stórframleiðendur.

3.4.1.1. Framleiðslumöguleikar.

Ljóst er að við stefnumörkun í framleiðslumálum í landbúnaði þarf að velja að ein-
hverju leyti milli búgreina, sem framleiða kjöt, þar sem markaðurinn er ekki án takmarka.
Vegna fjarlægðar landsins og vöntunar á ódýru korni er útflutningur óhugsandi á svína- og
alifuglakjöti og eggjum. Af sömu ástæðum og einnig vegna þess að verðmætar aukaafurðir
fyrir iðnaðinn fylgja ekki þessari framleiðslu, er ekki ástæða til þess að vinna að stækkun
núverandi markaðar fyrir þessar vörur nema eggja. Söluþyrirkomulag þessara afurða þarf að
bæta og varast ber of miklar sveiflur í þessum búgreinum vegna fjárfestingar og markaðs-
sveiflna.

3.4.2. Afurðir loðdýra.

Þegar athugaðir eru möguleikar til loðskinnaframleiðslu hér á landi, sést strax að þeir
eru miklir. Fáanlegt hráefni til framleiðslunnar er það mikið í landinu, að það nægir til
framleiðslu á 4—5 millj. loðskinna, að söluverðmæti 2—3 milljarðar kr. Þá er landrými hér
mikið svo auðvelt má telja að fá land undir þessa atvinnugrein, og jafnframt því að
hnattstaða landsins er þannig, að tæplega verður á betra kosið til að fá þykkann og góðan feld
af dýrunum. Flest bendir því til að loðdýrarækt sé sú nýjung í landbúnaði sem vænlegust er til
að mæta samdrætti í framleiðslu hinna hefðbundnu búgreina. Þau loðdýr sem helst kemur til
greina að rækta hér, eru fyrst og fremst blárefur og silfurrefur, minkur og e. t. v. þvottabjörn.
Ennfremur kemur mjög sterklega til greina að rækta hér angorukanínur, enda er nú þegar
byrjað á því, og þá aðallega til að auka hér fjölbreytni í ullariðnaðinum.

Af þeirri reynslu sem fengin er af loðdýrabúunum er þegar séð að besta búskaparþyrir-
komulagið er fjölskyldu- eða félagsbú, og þá hvort heldur sem er aðalbúgrein eða aukabú-
grein. Komið hefur í ljós að hlutafélagsbúskapur er mjög óhentugur í loðdýrarækt eins og í
öðrum búskap, enda er það búskaparþyrirkomulag alls staðar niður lagt í nágrannalöndum
okkar.

Við athugun á samsetningu framleiðslukostnaðar sést að loðdýraræktin er fyllilega eins
hagkvæm og jafnvel hagkvæmari en hefðbundnar búgreinar. Eftirfarandi tölur sýna stofn-
kostnað á kvendýr við helstu loðdýrategundir, sem kemur til greina að rækta hér á landi.

Blárefur:

	kr.	
Hús	5 000	
Búr	2 000	
Lífdýr	1 600	Stofnkostnaður kr. 8 600

Silfurrefur:

Hús	2 500	
Búr	1 500	
Lífdýr	6 700	Stofnkostnaður kr. 10 700

Minkur:

	kr.	
Hús	975	
Búr	625	
Lífdýr	750	Stofnkostnaður kr. 2 350

Pvottabjörn:

		kr.	
Hús	4 500		
Búr	1 750		
Lífdýr	2 000		Stofnkostnaður kr. 8 250

Angorakanínur:

		kr.	
Hús	750		
Búr	250		
Lífdýr	500		Stofnkostnaður kr. 1 500

Af þessum útreikningum sést, að stofnkostnaður á dýr er langmestur við silfurrefina, þrátt fyrir að kostnaður við hús og búr sé aðeins 57% miðað við blárefi. Angorakanínur og minkur hafa minnstan stofnkostnað á dýr.

Þegar miðað er við að þessar greinar loðdýraræktar skapi fjölskyldu fulla atvinnu, má áætla framlegð loðdýrabúanna á eftirfarandi hátt. Áætlunin sýnir æskilega bústærð þar sem loðdýrarækt er höfð sem aðalatvinna fjölskyldu, brúttótekjur, breytilegan kostnað og framlegð búsinu miðað við verð á skinnnum og ull, þegar áætlunin er gerð.

	Fjöldi kvendýra	Seld skinn/ull kr.	Fóðurkostn. kr.	Annar kostn. kr.	Framlegð kr.
Blárefur	150	900 stk. á kr. 700 = 630.000	207.000	63.000	360.000
Silfurrefur	150	375 stk. á kr. 3.000 = 1 125.000	100.000	112.000	913.000
Minkur	500	1750 stk. á kr. 300 = 525.000	210.000	52.000	263.000
Pvottabjörn	150	600 stk. á kr. 700 = 420.000	180.000	42.000	198.000
Angorakanína	500	400 kg ull á kr. 500 = 200.000	67.500	20.000	112.500

3.4.2.1. Æskileg þróun loðdýraræktar.

Á landinu eru nú starfandi 29 loðdýrabú og skiptast þau þannig milli sýslna og í bústærðir:

Sýslur	Fjöldi búa	Refabú		Minkabú	
		Læður	Högnar	Læður	Högnar
Gullbringu- og Kjósarsýsla	1	250	80	—	—
Dalasýsla	2	70	25	—	—
V-Barðastrandarsýsla	2	90	30	—	—
N-Ísafjarðarsýsla	1	40	14	—	—
Strandasýsla	1	40	14	—	—
A-Húnavatnssýsla	1	40	14	—	—
Skagafjarðarsýsla	10	373	124	1500	500
Eyjafjarðarsýsla	1	150	50	3000	600
S-Þingeyjarsýsla	7	411	134	1750	550
Rangárvallasýsla	2	80	28	—	—
Árnessýsla	1	—	—	100	25
	29	1544	513	6350	1675

Æskilegast er talið, að uppbygging loðdýrabúanna verði í þeim byggðarlögum, þar sem er fánlegt hráefni fyrir loðdýr. Framleiðsla á loðdýrafóðri á félagslegum grundvelli fyrir bændurna þarf að koma til. Má í því sambandi benda á að fóðurframleiðsla fari fram við sláturhúsin. Þar mætti í mörgum tilfellum koma henni við án verulegs stofnkostnaðar. Hinn möguleikinn er sá, fyrir jafnt smærri sem stærri bú, að matreiða fóðrið heima á búnum, en kaupa að í fódurlögunina kjöt og fiskhakk frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum. Með því móti er komist hjá miklum stofnkostnaði við stórar og fullkomnar fódurstöðvar.

Mun æskilegra er að loðskinnaframleiðslan byggist upp í dreifbýli hjá bændum heldur en í nábýli við kaптún og kaupstaði, þar sem búgreinin þarfnast nokkurs landrýmis og næðis. Þó þarf að gæta þess, að flutningskostnaður á fóðri verði ekki of mikill. Í dreifbýlinu er mikið vinnuafli, sem ekki er fullnýtt og hentar vel við þessa búfjárhirðingu, og á mörgum stöðum eru byggingar fyrir hendi. Sjálfsagt er því að hafa skinnaframleiðslu úti í dreifbýlinu heldur en að flytja vinnuaflið í þéttbýlið.

Öll loðskinn sem framleidd eru í landinu hafa verið flutt úr landi og seld á sérstökum skinnuuppboðum. Uppboðshúsin í Vestur-Evrópu hafa sýnt íslenskri skinnaframleiðslu mikinn áhuga og keppast um að fá þau á uppboð sín. Þessir markaðir eru stórir eða um þrjár milljónir refaskinna og 20—24 milljónir minkaskinna á ári. Talið er að enn vanti eitthvað á að markaðsþörf sé fullnægt hvað varðar jafnvægi í framboði og eftirspurn. Síðustu verð á uppboðum benda til að svo sé, þar sem verð á skinnnum í erlendum gjaldeyri fer stöðugt hækkandi.

Þrátt fyrir að íslensk skinnaframleiðsla standi vel að vígi hvað varðar hráefni til fódurgerðar, þarf að jafna samkeppnisaðstöðu okkar gagnvart helstu samkeppnisþjóðum, m. a. með eftirfarandi:

1. Efla leiðbeiningaþjónustu og fræðslustarfsemi.
2. Leggja niður tolla og sölugjald á byggingarefni húsa og búra fyrir loðdýr.
3. Loðdýraræktin fái forgang að hráefni sem til fellur í sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, á sama verði og fæst fyrir það við útflutning.
4. Leita stöðugt fræðilegra og tæknilegra leiða við uppbyggingu á loðdýrabúum.
5. Fylgjast náið með því, hvort ekki sé nauðsynlegt að auka fjölbreytni loðdýraræktar með því að flytja til landsins fleiri tegundir loðdýra t. d. silfurrefi og þvottabirni.
6. Athuga hvort til greina kæmi að hafa staðaruppbot fyrir loðdýrabú, sem eru mjög afskekkt, með því að greiða niður flutning fyrir þau, eins og gert er á Norðurlöndunum.
7. Hafa virkt félag loðdýrabænda, sem færi með hagsmunamál þeirra og tengsl þessarar búgreinar við bændasamtökin.

3.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir.

Nauðsynlegt er að Íslendingar verði sem mest sjálfum sér nógir með framleiðslu gróðurhúsaafurða, ræktun útímatjurta og garðplantna. Á þeim árstímum sem ekki tekst að rækta hér innanlands, svo að hægt sé að fullnægja eftirspurn, er eðlilegt og nauðsynlegt að flytja vöruna inn.

3.5.1. Árstíðabinding framleiðslunnar.

Eitt af helstu vandamálum við ræktun tómatu og gúrku héraendis eru framleiðslutoppur, sem óhjákvæmilega koma á tímabilinu maí-júlí. Sama gerist oft með útíræktaða grænmetið seinni hluta sumars. Reynt hefur verið að mæta þessu vandamáli með aukinni lýsingu í gróðurhúsum og lengja þannig ræktunar- og uppskerutíma. Við útíræktun hefur verið reynt að leggja aukna áherslu á ýmis veðurfarabætandi atriði í sama tilgangi. Aukin ræktunartækni, geymslutækni og sölustarfsemi eru þær leiðir, sem færastar eru til þess að draga verulega úr þessu vandamáli.

3.5.2. Verðlagning - framleiðslukostnaður.

Verð á garðyrkjuafurðum hér á landi er oft á tíðum nokkru hærra en í nágrannalöndum okkar. Á því er ýmsar skýringar, m. a. háir tollar á byggingarefni og rekstrarvörum, lítill og viðkvæmur markaður, verulega styttri ræktunartími, bæði í gróðurhúsum vegna lélegri birtuskilyrða yfir vetrarmánuðina og óhentugs veðurfars við útiræktun, garðyrkjustöðvar og gróðurhús eru yfirleitt minni, blönduð ræktun og minni sérhæfing, minni lánafyrirgreiðsla af opinberri hálfu og lán óhagkvæmari. Þá er erfiðara að fá sjálfvirkan útbúnað með viðunandi viðgerðar- og varahlutabjónustu og engin byggingafyrirtæki hér á landi eru sérhæfð í byggingu gróðurhúsa. Íslensk gróðurhús verða því að vera miklu sterkari en gróðurhús víðast erlendis og eru þau þar af leiðandi dýrari í byggingu. Rafmagnsverð til lýsingar í gróðurhúsum er hátt, flutningur að og frá garðyrkjustöðvum dýrari en erlendis og fleira mætti nefna.

Verði á garðyrkjuafurðum hefur verið hagað eftir framboði og eftirspurn til að reyna eftir fongum að nýta framleiðsluna, þegar hún er mest að sumrinu.

3.5.3. Sölufrirkomulag.

Eins og nú er, fer grænmetisverslunin fram í gegnum Sölufélag garðyrkjumanna og Grænmetisverslun landbúnaðarins, en um sölu blómaframleiðslunnar sjá einkum tveir heildsöluaðilar. Með hliðsjón af reynslu fyrri ára verður að vara við að breyta verulega um tilhöggun grænmetissölu og sölu garðyrkjuafurða.

3.5.4. Markaðsmöguleikar.

Framleiðsla garð- og gróðurhúsaafurða hefur takmarkast af innlenda markaðnum fyrir þessar vörur. Nú stendur yfir athugun á því, hvort grundvöllur sé fyrir ylræktarver til framleiðslu á gróðurhúsaafurðum fyrir erlendan markað. Að þessum athugunum er unnið af Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hollenskir aðilar ásamt nokkrum innlendum aðilum hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Eftirfarandi tölur sýna neyslu á grænmeti árið 1975.

	Ísland	Svíþjóð	Noregur
Kartöflur, kg	63,0	81,8	71,3
Annað grænmeti, kg	19,9	35,2	35,1
Ávextir og ber, kg	36,8	79,1	68,2
Samtals:	119,7	196,1	174,6
Fyrir utan kartöflur er neyslan á grænmeti 1975	56,7 kg	114,3 kg	103,3 kg

Neysluvenjum heillar þjóðar verður ekki breytt á fáum árum. Sú aukna áhersla sem lögð er nú á hollustu grænmetis og breyttar lífsvenjur opna þó aukna möguleika á þessu sviði. En gera verður ráð fyrir að í þessu efni verði um jafna aukningu að ræða, en ekki verulegar sveiflur frá ári til árs.

Á þeim árstímum sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, hvort sem um er að ræða grænmeti eða blóm, þarf að flytja inn þessar vörur. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þessum innflutningi til að geta annað eftirspurn án offramboðs.

3.5.5. Helstu ræktunarástæður og leiðir til útbóta.

3.5.5.1. Útiræktun.

Stuttur ræktunartími gerir það að verkum að uppskeran kemur öll á tiltölulega stuttum tíma, ræktunin er ekki árviss vegna breytilegs tíðarfars á milli ára, hætta á frostnóttum, ekki er hægt að rækta við venjulegar aðstæður ýmis afbrigði sem þurfa langan ræktunartíma og

sem hafa betra geymsluþol en snemmsprottu afbrigðin sem hér eru í ræktun og erfitt er að rækta sumar viðkvæmar tegundir.

Með hjálp veðurfarsbætandi aðgerða, eins og t. d. að hita upp jarðveginn, nota plast til hlífðar, koma upp góðum skjólgirðingum eða skjólbeltum, má lengja vaxtartímann verulega og gera hann öruggari, og á þann hátt auka möguleikana á að rækta ýmsar tegundir og afbrigði sem nú er ekki hægt að rækta með góðum árangri.

Með nýrri tækni og vélum má svo vélvæða þessa ræktun meir en nú er. Þetta mundi leiða til árvissrar ræktunar, betri uppskeru, meiri fjölbreytni og ræktunar afbrigða með betra geymsluþol, sem mundi stytta þann tíma sem flytja þyrfti grænmetið inn.

3.5.5.2. *Ylræktun.*

Ef hægt væri að lengja ræktunar- og uppskerutímann um 1-2 mánuði með lýsingu, þá mundi það jafna uppskeruna verulega og draga úr hinum árlegu framleiðslutoppum, betri nýting fengist á gróðurhúsunum og auðveldara yrði með fullan rekstur allt árið. Við lýsingu í gróðurhúsum er hægt að nýta næturrafmagn og hafa einn eða fleiri roftíma ef nauðsynlegt er.

3.5.6. **Framtíðarmöguleikar og efling garðyrkju.**

Möguleikar til að auka íslenska garðyrkju ættu að vera allmiklir. Þó er ljóst að þeir verða ekki nýttir í einni svipan, heldur þróast smátt og smátt, svo sem reynsla síðari ára ber með sér. Neysla grænmetis eykst, notkun blóma eykst o. s. frv.

Útiræktun matjurta sem aukabúgrein getur verið ýmsum annmörkum háð, þar sem erfitt getur reynst að fella hana að hinum hefðbundna búskap, einkum sauðfjárrækt, m. a. vegna þess að hámark vinnuálags við þessar búgreinar lendir á sama tíma vor og haust.

Þessi búgrein krefst einnig allmikillar fjárfestingar í tækjum og byggingum, einkum geymslum, þannig að smáar rekstrareiningar geta átt erfitt uppdráttar. Því er líklegra að útiræktun matjurta verði í formi aðalbúgreinar þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi, svo sem jarðhiti, veðursæld o. fl.

Þá er þekking og reynsla varðandi þessa búgrein grundvallaratriði við ræktun á vandmeðförnum matjurtum, sem þurfa langan uppeldistíma.

Því er nauðsyn að auka verulega rannsóknir á þeim þáttum sem helst standa í vegi fyrir aukinni og vel heppnaðri garðrækt og efla leiðbeiningarþjónustu á þessu sviði hjá Búnaðarfélagi Íslands og tengja hana Garðyrkjuskóla ríkisins eftir því sem tök eru á.

Þá þarf að leggja áherslu á frekari þróun, bæði fræðilega og tæknilega, við uppbyggingu garðyrkjustöðva, taka upp sveigjanlegra lánakerfi vegna garðyrkjunnar, fella niður aðflutningsgjöld af fjárfestingar- og rekstrarvörum vegna garðyrkjunnar og koma á tryggingarkerfi í formi skyldutryggingar, vegna áfalla í þessari búgrein, þannig að tryggt sé fyrir tjóni af völdum óveðurs, uppskerubrests o. fl., ef tjón verða rakín til óviðráðanlegra orsaka.

Félagasamtök garðyrkjumanna og tengsl þeirra við bændasamtökin verði eflað.

3.6. **Lax- og silungsveiði.**

3.6.1. *Sportveiði.*

Arðsemi af sportveiði ræðst af eftirspurn og verðlagi á veiðileyfum. Eftirspurn eftir veiðileyfum í bestu laxveiðiárin hefur verið meiri en unnt hefur verið að anna og hafa verðhækkanir veiðileyfa umfram verðbólgu ekki haft veruleg áhrif hér um.

Eftirspurn eftir veiðileyfum í rýrari laxveiðiárin hefur og verið vel viðunandi, enda verð þeirra veiðileyfa mun lægra.

Veiðileyfi í silungsveiðiár og -vötn hafa ekki notið jafn mikillar hylli. Sala þeirra hefur ekki, nema í undantekningartilfellum, reynst landeigendum drjúgur tekjustofn.

Þrír möguleikar eru fyrir hendi til að auka arðsemi af sölu veiðileyfa.

- 1) Ræktun fleiri laxveiðiáa. Þar sem hæst verð fæst fyrir laxveiðileyfi og eftirspurn eftir þeim er mest, þá liggur það beint við að rækta upp fleiri ár eftir því sem unnt er. Aukin þekking á ræktun vatnasvæða gefur nokkrar vonir um að fjölga megi enn frekar en orðið er þeim ám, sem lax gengur upp í.
- 2) Að auka laxgengd. Með aukinni laxgengd vinnst tvennt. Annars vegar eykst veiðivon á þær stangir sem fyrir eru í ánni og hins vegar er hægt að fjölga þeim stöngum sem veitt er með. Hvort tveggja leiðir til aukinnar arðsemi. Á þessu sviði er mikils árangurs að vænta. Helst er horft til að nýta svæði ofan ólaxgengra fossa til fóstrunar seiða. Talið er að slík svæði ættu að geta tekið við a. m. k. tveimur milljónum sumaralinna laxaseiða, sem hugsanlega gætu gefið af sér 30—50 þús. endurheimtra, fullvaxinna laxa.
- 3) Að auka eftirspurn eftir silungsveiðum. Allar forsendur ættu að vera fyrir hendi til að auka eftirspurn eftir silungsveiðum. Virðist aukin þjónusta við veiðivötnin og frekari upplýsingadreifing geta haft veruleg áhrif hér um.

3.6.2. Matvælaframleiðsla.

3.6.2.1. Netaveiði.

Netaveiði á laxi hefur verið takmörkuð við þær lagnir, sem hafa talist hefðbundin hlunnindi. Óraunhæft er að reikna með breytingum hér á og munu því netaveiðar á laxi ekki aukast nema sem nemur aukinni laxgengd á komandi árum.

Annað er upp á teningnum hvað varðar netaveiðar á silungi. Flest silungsveiðivötn eru talin vannýtt sem stendur og væri hægt með skipulegu átaki að auka silungsveiði verulega.

3.6.2.2. Hafbeit.

Allt bendir til þess að framleiðsla lax með hafbeit aukist verulega á komandi árum. Nú þegar hefur verið hafist handa um viðamikil verkefni á þessu sviði og fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Megineinkenni hafbeitar er að lagt er í mikinn kostnað í upphafi, sem ekki skilar hagnaði fyrr en að nokkrum árum liðnum. Þessar miklu fjárfestingar í upphafi koma í veg fyrir að aðrir en fjársterkir aðilar geti hafið hafbeitarbúskap, nema að til komi veruleg lánafyrirgreiðsla.

Ekki er unnt að gera sér grein fyrir mögulegu framleiðslumagni hafbeitar. Sleppingar gönguseiða, sem hafbeitarbúskapur byggir á að mestu leyti, á sér öllu fremur landfræðilegar takmarkanir en líffræðilegar, þar sem gönguseiði þurfa ekki að hagnýta sér fæðuframboð árinna.

Sömuleiðis er ekki unnt að geta sér til um fjölda staða, sem hægt er að stunda hafbeit frá. Ýmislegt bendir þó til að svo hátti víða til, og að vandamálið sé öðru fremur að þróa þá aðferð, sem henta myndi hverjum stað.

Þá er vert að benda á, að ekkert mælir á móti því að stunda við sömu veiðiá sportveiði og hafbeit. Aðferðin byggir á því að taka laxinn í gildru við ósinn, en sleppa hæfilegum fjölda laxa upp ána til sportveiði og hrygningar. Það mælir enn frekar með þessari aðferð, að ýmis rök hníga að því að of stór hrygningarstofn í hverri á geti haft áhrif til hins verra fyrir stofn árinna.

3.6.2.3. Strandkvíaeldi.

Strandkvíaeldi krefst annars vegar mikillar fjárfestingar, svo sem í kerum, dælum og öðrum búnaði og talsverðs rekstrarkostnaðar (dæling, fóður, mannaflí), og hins vegar sérstakra staðháttá, svo sem heits vatns, nálægðar við sjó o. s. frv.

Ekki hefur verið gerð heildarúttekt á aðstæðum til strandkvíaeldis. Áður er nefnd eldisstöðin að Húsatóftum við Grindavík, en þar fæst eftir þörfum saltur og heitur sjór úr borholum. Þá er nýhafið strandkvíaeldi í Vestmannaeyjum, þar sem nýttur er hiti úr nýja hrauninu.

Ekki er raunhæft að reikna með hagstæðum aðstæðum til strandkvíaeldis víða við landið.

3.6.2.4. Kvíaeldi.

Lágur hiti sjávar, sem farið hefur undir dauðamörk laxfiska köldustu mánuði vetrarins, er helsta vandamálið sem menn hafa rekist á við kvíaeldi á laxi hér við land.

Almennt má segja að sjávarhiti útiloki þetta eldisform við Austfirði og Norðurland, nema þar sem sérstakar staðbundnar aðstæður ríkja, svo sem í Lóni í Kelduhverfi. Við vestur- og austurströndina þar sem sjórinn er hlýrri, takmarkast möguleikarnir hins vegar af því hve skjóllítið er fyrir sjógangi.

Kvíaeldi hefur verið reynt nokkuð undanfarin ár, án þess að skila verulegum árangri nema í Lóni í Kelduhverfi. Óhætt er að fullyrða, að aðstæður þessa eldisforms eru miklum mun óhagstæðari hér við land en í Noregi, þar sem kvíaeldi er orðin stöndug atvinnugrein.

Fara verður varlega í að útiloka að þetta eldisform nái fótfestu hér við land. Má líklegt telja, að kynbætur á laxfiskum geti þróað kuldapólnari fiska, auk þess sem frekari athugun staðháttá gæti leitt í ljós fleiri hentuga staði fyrir kvíaeldi.

3.6.2.5. Samrekstur strandkvía og kvíaeldis.

Helstu annmarkar kvíaeldis eru lágur sjávarhiti köldustu mánuðina. Annmarkar strandkvíaeldis eru m. a. dælingarkostnaður. Vatnspörf fiska og þar með dælingarkostnaður eykst, er þeir stækka. Þetta hefur opnað augu manna fyrir því, að við íslenskar aðstæður væri hugsanlega hentugast að styðjast við bæði þessi eldisform. Þannig gæti laxinn verið alinn í strandkvíastöð, þar til hann hefur náð 100–150 g stærð, en þá færður í kvíaeldisstöð og alinn upp í sláturstærð. Tvennt vinnst við þetta: laxinn er ekki í strandkvíaeldi, nema þegar dælingarkostnaður er tiltölulega hóflegur, og hann er ekki í kvíaeldi þá mánuði, sem hætta er á banvænum sjávarkulda.

Þessar hugmyndir hafa verið prófaðar lítilliga og gefið góða raun, og má telja líklegt að þetta eldisform verði reynt í vaxandi mæli í náinni framtíð.

3.6.3. Seiðaeldi.

Flest það sem nefnt hefur verið hér að framan, miðar við, að framleiðsla laxaseiða sé nægileg. Verði farið í að fullnýta þá ræktunarmöguleika, sem nefndir hafa verið, er það sjálfgefið, að afkastageta seiðaeldisstöðva þarf að aukast gífurlega.

Aðstæður til seiðaeldis á Íslandi eru mjög góðar. Veldur mestu jarðhitinn, sem gerir seiðaeldi bæði fljótvirkara og hagkvæmara en ella. Má því ætla, að seiðaframleiðsla verði ekki þröskuldur í vegi fyrir fiskrækt í náinni framtíð.

3.6.4. Markaðsmál.

Framleiðsla laxfiska takmarkast ekki eingöngu af ytri framleiðsluskilyrðum, heldur verður einnig að miðast við það markaðsástand, sem ríkir. Hingað til hefur megnið af laxaframleiðslunni farið til neyslu innanlands, en ljóst er að verði veruleg framleiðsluaukning á laxfiskum, mun þurfa að flytja megnið af henni út.

3.6.4.1. Innlendi markaðurinn.

Innlendi markaðurinn hefur hingað til tekið við 70—99% heildarlaxveiðanna (talinn er með sá hluti sem fer beint til neyslu án þess að vera seldur). Hefur þetta frá 1970 verið á milli 150 og 200 tonn. Reikna verður með, að hægt verði að selja meira innanlands, einkum ef tekst að bjóða nýjan lax lengri tíma ársins (kvíaeldi).

3.6.4.2. Erlendi markaðurinn.

Líta verður svo á, að V-Evrópa verði okkar helsti markaður fyrir laxfiskaafurðir. Talið hefur verið að sá markaður sé upp á ca. 100.000 tonn miðað við verðlag undanfarinna ára. Laxfiskar eru dýr munaðarvara og mundi verðlækkun stækka markaðinn.

Á þessum markaði keppa nú framleiðendur Atlantshafslax, Kyrrahafslax og silungs. Kyrrahafslax hefur hingað til haft stærri hlutdeild í markaðinum en Atlantshafslax, en sá síðarnefndi þykir betri og er dýrari.

Norðmenn yrðu okkar helstu keppinautar á þessum markaði. Síðustu ár hefur laxfiskaeldi þeirra aukist jafnt og þétt og er reiknað með enn hraðari aukningu á næstu árum. Eftirfarandi tafla sýnir framleiðslu Norðmanna á laxi og silungi undanfarin ár og framleiðsluspár komandi ára (talið í tonnum):

Lax- og urriðaelði Norðmanna 1979—1984/85.		
Ár	Laxeldi	Silungselði
1979	4.000	2.600
1980	5.000	3.000
1981	8.000	3.000
1982	12—15.000	
1983	12—15.000	
1984/85	25.000	

Á árinu 1980 fengu norskir laxaframleiðendur að meðaltali 45,92 Nkr. í sinn hlut fyrir hvert kg af laxi. Var það almennt álitnið u. þ. b. 15% hærra verð en eðlilegt mætti telja.

Sú mikla framleiðsluaukning, sem reiknað er með, mun að sjálfsögðu hafa áhrif til lækkunar verðs á laxi. Íslenskur lax verður því að keppa við þann norska á verðlagi, sem er lægra en verð á undanförunum árum. Gætti þessarar verðlækkunar reyndar þegar seinni hluta árs 1981.

3.6.4.3. Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi.

Erfitt er að gera raunhæfan samanburð á rekstrarafkomu hafbeitarstöðvar annars vegar og norskrí kvíaeldisstöð hins vegar. Framkvæmdastofnun ríkisins lét 1980 gera slíkan samanburð, þar sem tekin voru dæmi af 200.000 seiða hafbeitarstöð annars vegar og meðalstórri norskrí kvíaeldisstöð (20 tonna ársframleiðsla). Niðurstaða þessarar athugunar er sú, að hafbeitarstöð myndi fyllilega standast samanburð við norska kvíaeldisstöð með tilliti til ágóðamöguleika.

3.6.5. Skipulag veiðimála.

Skipulag veiðimála hlýtur að miðast við annars vegar að nýta framleiðslumöguleikana til fullnustu með þeim takmörkunum, sem markaðsmál munu setja, og hins vegar að nýta þau tækifæri, sem veiðimál veita til að renna tryggari stöðum undir atvinnulíf og búsetu, þar sem við örðugleika er að etja.

Ýmsar spurningar verða áleitnar í þessu sambandi. Til dæmis hversu vel hinar mismunandi greinar veiðimála henta sem aukabúgrein og hverjar þarf að stunda einhliða. Hverjar henta sem fjölskyldubúskapur og hvar hentar stórbúskapur.

3.6.5.1. Veði sem aukabúgrein.

3.6.5.1.1. Sportveiði.

Sportveiði hefur verið og verður áfram rekin sem aukabúgrein. Vaxtarbroddar þessarar greinar liggja í frekari ræktunarstarfsemi. Við myndarlegt átak í ræktun þarf samstilltan hóp landeigenda. Hér hefur stundum orðið misbrestur á. Einkum hafa skapast vandamál, þegar hugsanleg uppeldissvæði seiða eru í eigu annarra landeigenda en þeirra sem eiga veiðisvæðin. Tryggja þarf annars vegar réttinn til að nýta uppeldissvæði og jafnframt því rétt landeigenda uppeldissvæða til sanngjarnrar hlutdeildar í ágóða veiðanna.

3.6.5.1.2. Hafbeit.

Eins og fyrr er nefnt, krefst hafbeit mikils fjármagns í upphafi, sem síðar skilar sér til baka. Þetta veldur því að hafbeit, sem annars hentaði mjög vel sem aukabúgrein, nýtist ekki sem slík, nema að til komi veruleg lánaþyrnging í upphafi.

3.6.5.2. Veði sem aðalþinggrein.

3.6.5.2.1. Strandkvíaeldi/kvíaelði.

Strandkvíaeldi og kvíaeldi krefjast bæði mikillar umhirðu svo að óraunhæft er að reikna með öðru en að slíkt eldi verði aðalstarf þeirra, sem það stunda.

3.6.6. Rannsóknir og vísindalegt eftirlit.

Framþróun í veiðimálum hefur verið og mun áfram verða háð þeim rannsóknum sem unnar hafa verið og unnar verða. Það sem fjárfest hefur verið í veiðimálum hingað til hefur skilað miklum arði og er öll ástæða til að ætla að svo verði áfram.

Þá er rétt að benda á að allt fiskræktarstarf þarf að vinna undir vísindalegu eftirliti. Arðsemi ræktunarinnar ræðst vitanlega af því hvernig að henni er staðið. Til dæmis er hægt að hugsa sér vatnasvæði sem að hálfu leyti henta vel til sleppingar smáseiða, en að hálfu leyti ekki. Væri seiðum sleppt á allt svæðið myndi einungis helmingur seiðanna nýtast. Sú hætta væri þá fyrir hendi að ályktað yrði út frá þeim árangri sem næðist að ekki væri grundvöllur fyrir smáseiðasleppingum á viðkomandi svæði, þótt helmingur seiðanna hefði skilað góðum árangri. Dæmi sem þetta undirstrikar nauðsyn þess að fiskræktendur eigi kost á ráðgjafabjónustu og rannsóknabjónustu.

3.6.7. Menntunarmál.

Menntunar er þörf í fiskræktar- og fiskeldisgreinum eins og í öðrum greinum búskapar. Fram til þessa hefur vísir að kennslu í þessum greinum verið við bændaskólana. S. l. haust er Bændaskólinn á Hólum tók til starfa á ný, var rætt um að leggja meiri áherslu á fiskrækt og fiskeldi við kennsluna og nýta til þess þá aðstöðu, sem laxeldisstöð Hólalax h/f býður upp á. Þessa kennslu ber að auka, bæði til þess að áhugasamir nemendur fái að kynna þessum málum, svo og til þess að sjá atvinnuveginum fyrir hæfum og menntuðum starfskröftum.

3.6.8. Úrbætur og hagnamál.

1. Koma þarf upp útibúum Veiðimálastofnunar út um land, það mörgum að starfsmenn þeirra geti, auk frumrannsókna, veitt fiskræktendum þá þjónustu sem óskað er eftir. Gera verður ráð fyrir að greitt verði fyrir þá þjónustu.
2. Koma þarf upp lánaþyrnging, sem geri landeigendum kleift að ráðast í skynsamleg hafbeitarverkefni. Tryggt verði með umsögn Veiðimálastofnunar að viðkomandi haf-

beitaráætlun þyki álitleg áður en lánað yrði fé til hennar, en jafnframt ákveðið að lán þurfi ekki að endurgreiða fyrr en ágóði er af hafbeitinni.

3. Skipuleggja þarf markaðsöflun jafnframt því sem framleiðsla laxfiska eykst.
4. Tryggt verði, eftir því sem kostur er, að nægur fjöldi menntaðs fiskræktarfólks og eldis-
manna geti fengist til starfa.

3.7. Skógrækt.

3.7.1. Viðarframleiðsla.

3.7.1.1. Íslenski birkiskógurinn.

Umtalsvert viðarmagn mun fást úr hinum náttúrulegu birkiskógum. Þeir eru aðeins til nú á tveimur svæðum, Fljótsdalshéraði og Suður-Þingeyjarsýslu, af þeirri stærð, sem gerir mögulegt að nýta þá. Sú nýting er fyrst og fremst bundin við kurl til eldsneytis, ef ný tækni kynni að gera það samkeppnisfært um verð við aðra orkugjafa. Tilraun verður gerð með það á þessu ári. Vöxtur í allra besta birkiskógi er tæplega 1 m³/ha á ári.

3.7.1.2. Innfluttar trjátægundir.

Við þær eru bundnir möguleikar á viðarframleiðslu í framtíðinni. Reynolds af ræktun lerkis, sitkagrenis og stafafuru bendir til þess að búast megi við meðalvexti á ha, er nemur um 3 m³/ha miðað við 80—100 ára aldur. Hér er átt við bestu skógræktarsvæði landsins, sem eru í fjórum héruðum. Á allra bestu svæðum innan þessara héraða er hugsanlegt, að meðalvöxtur gæti orðið meiri, t. d. 5 m³/ha/ár. Í elsta lerkiteignum á Hallormsstað er hann 7,2 m³/ha/ár eftir fjóra áratugi frá gróðursetningu. Þessi ársvöxtur þætti hvarvetna um norðanverða Skandinavíu mjög góður, þar sem skógrækt er einn helsti atvinnuvegurinn.

3.7.1.3. Hagrænar forsendur.

Kostnaður við ræktun og nýtingu skógar er yfirleitt því minni sem stærrí samfelld svæði eru tekin fyrir. Hins vegar geta minni svæði engu að síður verið gott búslag. Hér á landi er engin leið önnur fær en að taka smá svæði fyrir og reyna eftir föngum að stækka þau, ef árangur ræktunarinnar reynist viðunandi. Eina skógræktarsvæðið á Íslandi nú, þar sem möguleikar eru á reglulega hagkvæmum rekstri í skógrækt (viðarframleiðsla) er Hallormsstaðarsvæðið, en þar eru 2.000 ha af ræktanlegu landi innan einnar girðingar.

3.7.2. Framleiðsla jólatrjáa.

Framleiða má jólatré á tiltölulega litlum landspildum, þar sem skjólsamt er frá náttúrunnar hendi eða með því að koma upp góðum skjólbeltum um þær. Með því móti er áreiðanlega hægt að stunda þá ræktun mun víðar en viðarframleiðsluna.

Af framansögðu er ljóst, að viðarframleiðsla héraðs verður ekki mikil í náinni framtíð. Hins vegar eru miklar líkur fyrir, að skógbúskapur geti í sumum héruðum orðið arðsöm búgrein, þegar fram líða stundir og gildi skógræktar til viðarframleiðslu farið vaxandi, ef verðlag á timbri fer verulega hækkandi á komandi tímum.

Vegna þess hve langur tími líður þar til fjárfesting í þessari framleiðslugrein skilar sér, verður henni ekki sinnt nema til komi opinberar fjárveitingar og fyrirgreiðsla í formi lánsfjár, þar til viðarframleiðslan fer að skila tekjum. Hér er því um framtíðarverkefni að ræða.

3.8. Ferðamannaþjónusta.

Nauðsynlegt er að gerð verði athugun á framtíðarmöguleikum þessarar atvinnugreinar sem allra fyrst í samvinnu við samtök bænda, sem vinna að ferðamálum og yfirvöld ferðamála.

4. RÆKTUN, HEYFENGUR OG FÓÐURIÐNAÐUR.

Landbúnaður á Íslandi grundvallast á grasrækt og nýtingu beutilanda á afrétti og í heimalöndum jarða. Grasræktarskilyrði eru góð og er talið að um 33 þús. km² eða rétt tæpur þriðjungur alls landsins sé ræktanlegur. Þar af munu fara veruleg landflæmi til mannvirkja-gerðar ýmiss konar. Til arðgæfrar túnræktar er talið að megi áætla um 15.000 km². Þar af er talið að um 1300 km² sé búið að rækta í dag.

Af þessum tölum sést að aðeins litlum hluta ræktanlegs lands er búið að ráðstafa til ræktunar í dag og möguleikar fyrir aukinni ræktun miklir.

4.1. Ræktun og heyfengur.

Allt frá setningu jarðræktarlaga árið 1923 og einnig fyrir þann tíma hefur megináhersla framkvæmda í landbúnaði verið lögð á jarðræktarframkvæmdir og byggingu áburðar- og heygeymslna. Þess vegna hafa verið veitt framlög af opinberu fé til styrktar þessum framkvæmdum og teknir upp tímabundnir styrkir til að efla fóðurframleiðsluna sbr. sérstakar styrkveitingar við gerð súgburrkunar. Það sjónarmið hefur ríkt, að jarðræktarframkvæmdir séu varanlegar umbætur á landinu, sem komi til hagsbóta á næstu áratugum. Þess vegna leggi hið opinbera fram fé til stuðnings þeim á mótí því framkvæmdafé, sem bændur ráðstafa til þessa.

Eftirfarandi tölur sýna nýræktun, endurvinnslu túna og ræktun grænfóðurs á seinni árum og heyfeng sömu ár. Ræktunin er talin í ha, en heyfengurinn í þúsundum m³:

Ár	Nýræktun	Endurræktun	Grænfóður	Heyfengur
1960	3696	96	44	3541
1970	3248	856	3460	2293
1975	2996	627	3560	3481
1976	3193	451	3976	3740
1977	2807	450	4768	3897
1978	2895	594	4789	3630
1979	2324	510	4500	3153
1980	2534	680	3956	3879
1981 ¹⁾	1942	1520	4772	

Af heyi eru um 90% sett í þurrhey og 10% í vothey.

1) Bráðabirgðatölur.

Svo sem tölurnar bera með sér, eru allmiklar sveiflur í magni heyja milli ára og einnig er fjóðurgildi þeirra breytilegt eftir árum. Mjög oft er fjóðurgildi heyjanna lélegt þegar magn þeirra er lítið, þannig að munur uppskeru mælt í fjóðurgildi er jafnvel enn meiri en fyrrnefndar tölur sýna. Gera má ráð fyrir að í lökustu árum geti heyfordinn orðið einungis ²/₃ hlutar þess sem fæst í góðæri sbr. fyrrnefndar tölur.

4.2. Fóðuriðnaður — innflutningur fóðurs.

Til viðbótar heyfóðri kemur framleiðsla á eggjahvíturíku fóðri s. s. fiskimjöli hvers konar og grasmjöli og grasköggjum.

Framleiðsla á grasmjöli hófst árið 1961 í einni verksmiðju. Framleiðsla fer í dag fram í fimm verksmiðjum og er mestmegnis um framleiðslu á grasköggjum að ræða. Framleiðsla á grasmjöli, grasköggjum og graskökum hefur verið þessi frá því árið 1976:

Árið 1976	8 297 tonn
Árið 1977	8 714 tonn
Árið 1978	11 410 tonn
Árið 1979	9 881 tonn
Árið 1980	13 198 tonn
Árið 1981	

Árið 1980 skiluðu verksmiðjurnar hámarksafköstum. Uppskeyra var góð og sláttur hófst snemma. Sumarið var sæmilega þurrkasamt. Votviðri, sein spretta og stutt sumar dregur úr afköstum verksmiðjanna og gerir framleiðsluna dýrari.

Framleiðsla á korni hefur verið lítils háttar eða frá 4 tonnum af byggi upp í tæp 30 tonn.

Fóðuröflun fyrir nautgripi, sauðfé og hross hefur skipst þannig undanfarin ár, að meginhluti fódursins hefur fengist af heyöflun sbr. eftirfarandi tölur um skiptingu fóðuröflunar eftir fjölda fódureininga s. l. fimm ár frá 1. júlí til 30. júní árið eftir. Tölurnar sýna milljónir fódureininga fyrir hvern flokk.

Ár	Heyfóður	Innlent fóður, annað	Innflutt kjarnfóður	Fóður alls
1976/77	189,3	12,3	55,7	257,3
1977/78	226,4	10,5	61,8	298,6
1978/79	208,2	15,3	63,5	287,0
1979/80	187,9	15,7	63,0	266,0
1980/81		16,3	40,3	

Árið 1980 varð mikill samdráttur í notkun á innfluttu fódri til nautgripa- og sauðfjáræktar vegna álagningar kjarnfóðurgjalds. Þessi samdráttur, sem er tæplega 30%, varð til þess að mjólkurframleiðsla og framleiðsla á kindakjöti minnkaði og færðist nær þörfum innanlandsmarkaðarins.

Auk þess fódurmagns er að framan greinir, er áætlað að 14½ millj. fódureininga fari til alifuglaræktunar og 5½ millj. fódureininga til svínaræktar.

Sé meðtalið það magn fódurs, sem búpeningurinn aflar með beit, má áætla fódurnotkun búgreinanna þannig:

Nautgripir	um 130 millj. fódureiningar
Sauðfé	um 330 millj. fódureiningar
Hross	um 70 millj. fódureiningar
Alifuglar og svín	um 20 millj. fódureiningar
Af því nemur innflutt fóður um 13% s. l. fimm ár eða um 70 þús. tonnum á ári.	

4.3. Fóðurframleiðsla og fóduriðnaður á næstu árum.

Helstu atriði sem leggja þarf áherslu á næstu ár eru eftirfarandi.

1. Lögð verði aukin áhersla á bættu heyverkun, varðveislu garðávaxta, endurræktun túna, uppgröft eldri skurða og skjólbeltarækt.
2. Jarðræktarframlög verði á líkan hátt og áður til bænda, þó þannig að greiðsla framlags til einstakra jarða sé í samræmi við búskaparhæfni jarðarinnar. Jarðræktarframlög verði ekki veitt til annarra framkvæmda en búskapar og innan þeirra marka sem gilda um stofnlánaveitingu.
3. Opinber framlög til landbúnaðarins skv. jarðræktarlögum haldist a. m. k. í sama verðgildi út þennan áratug og var í byrjun hans. Það fjármagn sem kann að verða umfram lögboðin framlög til einstakra framkvæmda verði notað til að framkvæma stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum að því marki sem það dugar til. Höfð verði í huga nauðsyn nýrra atvinnutækifæra í sveitum með nýjum búgreinum eða á annan hátt, til að auka tekjumöguleika sveitafólks án framleiðslu afurða sem mjög takmarkaður markaður er fyrir.
4. Fóduriðnaður verði eflur með það í huga að flytja inn sem allra minnst af erlendu kjarnfóðri, e. t. v. einungis vegna svína- og alifuglaræktar. Lögð verði megináhersla á nýtingu innlendrar orku í fóduriðnaði og auknar tilraunir á því sviði. Nauðsynlegt er að

hamla gegn óhóflegum innflutningi á kjarnfóðri, sem oft er boðið á niðurgreiddu verði, og að auka rannsóknir á þýðingu og hollustu grasköggla og fræðslu á notkun þeirra til fóðrunar í stað innflutts korns. Kannaðir verði til hlítar möguleikar á kornrækt hérlendis og hagkvæmni kornræktar samanborið við grasrækt.

5. FRAMLEIÐSLA HRÁEFNIS TIL IÐNAÐAR.

Iðnaður úr landbúnaðarvörum hefur haft vaxandi þýðingu á undanförunum árum. Mjólkur- og kjötiðnaður hefur enn sem komið er að mestu byggt á innlendum markaði. Líkur eru fyrir að svo verði áfram a. m. k. hvað mjólkuriðnaðinn áhrærir. Öðru máli gegnir með ullar- og skinnaiðnaðinn.

5.1. Ullariðnaður.

Á s. l. áratug hefur orðið mjög mikil aukning í framleiðslu á fullnum ullarfátnaði og öðrum ullarvörum. Árið 1980 varð ullarvöruútflutningurinn 1,2% af heildarvöruútflutningi, en árið 1981 þrefalt meiri eða 3,6%.

Árlega mun innvegið ullarmagn nema um 1500—1600 tonnum. Þar af er ull af vetrar-rúnu fé um 50%. Gera má ráð fyrir, að vetrarrúningur aukist nokkuð á næstu árum. Það leiðir af sér betri ull og betri skil á þeirri ull, sem fjárstofninn getur gefið. Sérstakt átak þarf að gera til þess að bæta meðferð ullarinnar. Ef sauðfjárbúskapur í landinu drægist saman, þannig að kjötframleiðslan yrði í samræmi við innanlandsneysluna, má ætla að ullarframleiðslan minnkaði um 25—30% eða niður í 1100—1200 tonn. Þessi samdráttur myndi hafa neikvæð áhrif fyrir ullariðnaðinn og útflutning iðnaðarvara, þar sem erlend ull getur ekki, nema að takmörkuðu leyti komið í stað íslensku ullarinnar.

Mannaflí sem nú vinnur að ullariðnaði hvers konar, bæði í verksmíðjum, þrjóna- og saumastofum og við framleiðslu á handunnum fatnaði, er um 0,7% alls mannafla eða um 700 ársverk. Þessi atvinna er dreifð um landið, ekki síður í dreifbýli en þéttbýli. Miklu skiptir í þessu sambandi að tekist hefur að framleiða og finna markað fyrir íslenskar ullarvörur, sem gefur mjög hátt verð fyrir gæði hráefnisins og framleiðslunnar. Þeir markaðir, sem unnist hafa með mikilli vinnu og fjármunum til auglýsingastarfsemi, myndu tapast við samdrátt framleiðslunnar svo og það fé, sem til þeirra hefur verið kostað.

5.2. Skinnaiðnaður.

Skinnaiðnaður er skemmra á veg kominn en ullariðnaðurinn, þó svo að íslenskar dilkagærur séu með besta hráefni til mökkaskinnaframleiðslu sem til er í Evrópu. Einungis gærur af spænskum lömbum eru taldar betri. Vegna þessa hafa íslenskar dilkagærur selst á háu verði, hvort sem þær hafa verið seldar óunnar, forsútaðar eða sem mökkagærur.

Eftirfarandi tölur gefa mynd af þeim úrvinnslumöguleikum sem felast í sútun og fataframleiðslu úr gærum af íslensku fé miðað við þann fjárfjölda sem nú er í landinu. Miðað er við verðlag í byrjun þessa árs.

Úrvinnslumöguleikar á gærum:

1. Framleiðsla alls á gærum	920 þús. stk.	
2. Verðmæti frá sláturhúsi	62,6 millj. kr.	
3. Verðmæti alls eftir forsútun	114,3 millj. kr.	
Verðmætisaukning		51,7 m. kr.
4. Verðmæti alls eftir fullsútun	188,6 millj. kr.	
Verðmætisaukning		74,3 m. kr.
5. Verðmæti alls fullunnið í flikur	473,8 millj. kr.	
Verðmætisaukning		285,2 m. kr.

Starfsmöguleikar við að fullvinna gærur í flikur yrðu um 1000 ársverk, sem skiptast þannig að 540 ársverk eru við að fullsúta gærurnar og 460 eru við að vinna flikur úr skinnum. Störf við stjórnun eru hér meðtalin.

Núna eru um 195 manns við að súta gærurnar og 35 manns við að vinna flikur úr þeim, alls um 230 manns í skinnaiðnaði. Með því að fullnýta í flikur gæruframleiðsluna í landinu mætti fjölga atvinnutækifærum um 770 ársverk eða sem svarar tæplega 1% af heildarársverkum í þjóðfélaginu.

6. TEKJU- OG FÉLAGSMÁL BÆNDA.

Verðlagsmál, skipulagsmál og félagsmál bændastéttarinnar verða einungis leyst á félagslegum grundvelli með þeirri íhlutun löggjafans, sem nauðsynleg telst hverju sinni.

6.1. Verðlagning búvöru og tekjur bænda.

Með framleiðsluráðslögum 1947 var það markmið sett að tekjur bænda skyldu vera hliðstæðar tekjum verkamanna og iðnaðarmanna. Misjafnlega hefur gengið að ná þessu markmiði, enda er árangurinn háður þróun markaðsmála á hverjum tíma og efnahagslegum aðstæðum.

Lagt er til að áfram verði stefnt að sama marki varðandi tekjur bænda, þ. e. að þær séu svipaðar því sem sambærilegar stéttir hafa. Því verði áfram unnið að verðlagningu búvara á grundvelli framleiðsluráðslaga, en stefnt að beinni þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð. Í verðlagssamningum verði m. a. fjallað um fjárhagslega fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, umbætur á félagslegri stöðu, stuðning við hagræðingu, aðgerðir í markaðsmálum o. fl. sem auðveldað gæti að ná því tekjumarkmiði sem stefnt er að, án beinna verðhækkana á búvöru. Einnig um önnur þau atriði sem snerta framkvæmd stefnumörkunarinnar, sem verðlagning búvörunnar getur haft áhrif á. Þar á meðal er verðlagning iðnaðarhræfnis, ullar og gæra, nýting sláturúrgangs, mismunandi breyting á verði einstakra vara með hliðsjón af framleiðslu og markaðsþróun o. fl.

Til frekari tryggingar tekjumarkmiðinu verði bændum áfram veitt verðtrygging vegna nauðsynlegs útflutnings búvara. Þótt stefnt sé að því að mjólkurframleiðslan verði sem næst innanlandspörf, er óhjákvæmilegt að um einhvern útflutning á mjólkurvörum verði að ræða í flestum árum.

Útflutningur sauðfjárafurða er enn óhjákvæmileg afleiðing þeirra byggðamarkmiða sem sett hafa verið og vegna ullar- og skinnaiðnaðarins. Lagt er til að útflutningsbótarétturinn verði áfram að hámarki 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar og stjórnunaraðgerðum beitt til að halda framleiðslunni innan þeirra marka m. v. aðstæður á hverjum tíma. Heimilað verði að ráðstafa hluta útflutningsbótafjárins til markaðsaðgerða innanlands, til niðurgreiðslu á framleiðslukostnaði og til beinna greiðslna til bænda ef henta þykir.

Til að tryggja enn frekar, að tekjumarkmið landbúnaðarstefnunnar náist, eru ýmsar umbætur í markaðs- og sölumálum nauðsynlegar. Nauðsynlegt er m. a. að heimila meiri sveigjanleika í verðlagningu búvara svo hagræða megi verði þeirra eftir markaðsaðstæðum. Ætti það að vera til hags jafnt fyrir framleiðendur og neytendur.

Auk þeirra atriða, sem að framan getur og mikilvæg eru með tilliti til tekjumöguleika bænda, má nefna stefnuna í lánamálum landbúnaðarins, stofnlána og afurða- og rekstrarlána. Ahersla er á það lögð, að bændur geti fengið afurðir sínar greiddar sem fyrst.

6.2. Félagsleg aðstaða og þjónusta.

Það sem e. t. v. ræður mestu um hvar fólk velur sér búsetu, er sú félagslega aðstaða og þjónusta, sem í boði er á hverjum stað. Aðstaða þegnanna í þessu tilliti er ákaflega misjöfn, sem ekki er óeðlilegt í stóru og strjálbýlu landi. Óhætt er að fullyrða, að fáir munu verr settir í þessu tilliti en bændur almennt. Í þeim hópi eru þó búfjábændur lakast settir og hafa í

flestum tilfellum hvorki aðstöðu til að njóta reglulegra frídaga né fara í orlof. Dýrin þurfa sína umhirðu á hverju sem gengur.

Árið 1979 voru samþykkt lög um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Með þeim lögum er bændum og húsfreyjum í sveitum tryggð aðstoð, ef veikindi eða slys ber að höndum. Lög þessi eru ennþá aðeins að hluta komin til framkvæmda, en ljóst er, að í þeim er mjög mikil framför. Orlofsmál búvöruframleiðenda eru þó enn óleyst. Brýnt er að koma upp afleysingaþjónustu fyrir bændur, svo þeir geti notið orlofs og reglulegra frídaga.

Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta og erfiðar samgöngur er annar þáttur, sem mjög er brýnt að bætt verði úr. Stefna þarf að því að sem flestum heimilum í landinu verði á næstu árum tryggður sjálfvirkur sími.

Aðstaða til náms er enn einn þáttur þessa mismunar. Víða þurfa foreldrar að sjá af börnum sínum ungum að heiman til dvalar í heimavistaraskóla. Á þetta jafnvel við um neðstu bekki skyldunámsins. Augljóst er hvaða erfiðleika það skapar. Mörg fleiri atriði mætti nefna, s. s. hátt orkuverð, ófullkomnari verslunarþjónustu, slæm hlustunarskilyrði hljóðvarps og sjónvarps o. fl.

Þau atriði, sem hér hafa verið rakin, önnur en orlofsmálin, snerta að sjálfsögðu marga fleiri en búvöruframleiðendur, þar sem þau eiga einnig við um marga minni þéttbýlisstaði. Hins vegar eru þau e. t. v. enn tilfínanlegri fyrir fólk í sveitum, þar sem bæði kemur til binding vegna umhirðu búfjárins og oft á tíðum einangrun og þar af leiðandi lítið félagslíf. Á það skal bent, að margir telja, að starfi bóndans fylgi ýmsir kostir, sem íbúar í borgum og bæjum fari á mis við. Má þar m. a. benda á frjálsari vinnutíma, kosti þess að vera sjálfs sín húsbóndi, heilnæmt umhverfi o. s. frv. Þessar ábendingar eiga vissulega við mörg rök að styðjast, þótt þessir kostir sveitalífsins vegi tæpast upp á móti þeim annmörkum, sem að framan getur, ef margir fara saman.

Ef ekki verða verulegar umbætur á félagslegri stöðu bænda og skylduliðs þeirra á næstu árum, er hætt við að ekki verði sú endurnýjun í stéttinni, sem nauðsynleg er. Dugmikið ungt fólk mun þá fremur velja sér önnur störf, sem betri aðstöðu bjóða, meðalaldur í stéttinni hækkar og mun það með tímanum leiða til lakari afkasta og minni framleiðni í landbúnaðinum.

7. LANDNÝTING OG VERNDUN LANDSGÆÐA.

Úthagi, afréttir og heimalönd eru einkum nýtt fyrir sauðfjár- og hrossabeit. Þó gengur sauðfé mikið á ræktuðu landi, einkum vor og haust. Mjög hefur dregið úr hrossabeit á afrétti, og verulegur hluti fjárins gengur í heimalöndum á láglandi sumarlangt, þó mismunandi eftir sveitum, en sum sveitarfélög eiga ekki afrétti. Vetrararbeit hefur farið minnkandi, og er hún víða lítið sem ekkert notuð fyrir sauðfé. Allvíða er vetrararbeit notuð fyrir hross, en þó er jafnan gefið töluvert með.

Að sumra álitu eru afréttarlönd og jafnvel heimalönd fullnýtt og á sumum svæðum of mikið beitarálag, einkum þegar árferði er slæmt. Mest er ofbeitarhættan á eldfjallasvæðunum, en víða á þeim hefur orðið tiltölulega mikil fjölgun búfjár síðustu árin. Ýmsum aðgerðum hefur verið beitt (í samræmi við lög um afréttarmálefni og landgræðslu) til að draga úr beitarálagi, t. d. með styttingu beirtíma og takmörkunum eða banni á upprekstri hrossa í afrétti, en ítölu hefur aðeins verið beitt í fáeinum tilvikum til þessa. Auk þess hefur verið unnið að ýmiss konar landgræðslufrámkvæmdum, yfirleitt með góðum árangri, sem hafa leitt til jafnari dreifingar fjárins og dregið úr ofbeitarhættu á viðkomandi svæðum.

Skilningur fer vaxandi á nauðsyn þess að varðveita landsgæði og vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs. Hafa víða verið unnin stórvirki á undanföllum áratugum við uppgræðslu gróðursnauds eða örfoka lands. Í þessu sambandi þarf m. a. að huga vel að beitarálagi í landinu og nýta alla tiltæka þekkingu við að bæta skipan þeirra.

Þarf m. a. að ljúka gerð gróður- og jarðakorta af landinu öllu svo og skráningu landamerkja allra jarða. Jarðakort vantar enn af flestum héruðum landsins.

Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur að byggjast mjög á því, að beitargróður verði hóflega nýttur, hvar sem er á landinu. Viðhald hinna dreifðu byggða stuðlar að betri dreifingu beitarfénaðar og sem jafnastri nýtingu landsins alls. Taka þarf sérstakt tillit til landsstærðar og landsgæða á einstökum býlum, svo og í einstökum sveitum og landshlutum, við mörkun nýrrar framleiðslustefnu í landbúnaði. Því þarf sem best samræmi að vera á milli vals á búgreinum og uppbyggingar á hverri jörð annars vegar og hins vegar þeirra landsgæða, sem jörðin hefur yfir að ráða, hvort sem um er að ræða ræktunarland, beit í heimalöndum eða afréttarnot. Leggja ber sérstaka áherslu á það samhengi, sem þarf að vera á milli landnýtingar og fjárfestingar í byggingum, vélum og bústofni. Til þess er nauðsynleg öflun upplýsinga um búskapar- eða framleiðsluhæfni jarða með tilliti til hinna ýmsu búgreina. Því eru augljós tengsl skynsamlegrar og hóflegrar landnýtingar, hvort sem er til beitar eða annarra þarfa, og gerðar búrekstraráætla. Móta þarf ákveðnari reglur um veitingu styrkja og lána til uppbyggingar og endurbóta á jörðum og búa þannig um, að ákveðnum skilyrðum um landkosti sé ætíð fullnægt, áður en fjárfestingarsjóðir veita fyrirgreiðslu sína. Því er frumskilyrði að fyrir liggi úttekt á búskaparhæfni einstakra jarða.

Verði samdráttur í hefðbundinni búvöruframleiðslu, t. d. vegna fækkunar sauðfjár, verður rýmra í högum. Engu að síður þarf að komast ákveðin og markviss langtímaskipan á nýtingu beutilanda. Slíkt skipulag gæti reyndar orðið þáttur í mótun nýrrar framleiðslustefnu, en þess skal gætt, að sem best samræmi verði á milli þarfa landbúnaðar annars vegar og almennra landverndar- og náttúruverndarsjónarmiða hins vegar.

Árið 1974 var samþykkt landgræðsluáætlun til fjögurra ára og til hennar var veitt fé á fjárlögum í tilefni af 1100 ára búsetu í landinu. Áætlunin var m. a. byggð á víðtækum fyrirspurnum um ástand gróðurlanda og gróðurnýtingu. Á grundvelli áætlunarinnar hefur verið unnið mikið starf við uppgræðslu örfoka lands, rannsóknir og gróðurvernd. Nú liggur fyrir Alþingi tillaga að landgræðsluáætlun fyrir árin 1982—1986, sem tryggir framhald á þessu starfi ef samþykkt verður.

Við skipulagningu þéttbýlis og mannvirkja s. s. vega, þarf að gæta fyllstu hagkvæmni og forðast svo sem unnt er að ákjósanlegt landbúnaðarland fari til spillis. Ýmsum kann að þykja óþarft að vera með slíkar viðvaranir hér á landi, þar sem landrými er nægt, en benda má á að víða í löndum Evrópu og í Bandaríkjunum hafa menn nú áhyggjur af því að sumt af besta akurlendinu er að hverfa undir borgir og annað þéttbýli. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft langvarandi áhrif sé rangt að farið og kostnaðarsamt og jafnvel ómögulegt úr að bæta.

8. BÚSETA OG BYGGÐAÞRÓUN.

Búseta í sveitum landsins byggist fyrst og fremst á framleiðslu búvara. Snöggar breytingar í framleiðslu- og atvinnuháttum í strjálbýli geta valdið verulegri búseturöskun. Samdráttur í búvöruframleiðslunni gæti því haft óæskilegar afleiðingar á sviði atvinnu- og byggðamála.

8.1. Fækkun í sveitum við samdrátt í búvöruframleiðslu.

Talið er að um 4 300 bændur stundi búvöruframleiðslu, þar af um 4 000 nær eingöngu nautgripa- og sauðfjárrækt en um 300 framleiðslu annarra búvara. Alls eru talin um 7 300 ársverk í landbúnaði eða tæp 7% alls vinnuafis.

Með hliðsjón af áður framkomnum tölum um samdrátt í framleiðslu nautgripa og sauðfjárafurða, ef einungis yrði framleitt nægjanlegt magn fyrir innlandan markað, mætti ætla að fækka myndi um $\frac{1}{5}$ hluta ársverka við nautgripa- og sauðfjárrækt eða um 1 300

ársverk. Þessi samdráttur myndi væntanlega orsaka fækkun á nautgriparæktar- og sauðfjárförðum um $\frac{1}{5}$ hluta, eða 800, og þær fjölskyldur, sem þar misstu framfæri sitt, yrðu að leita annarrar atvinnu og nýrrar búsetu.

Búsetan er misjafnlega traust í einstökum héruðum, sveitum og jafnvel sveitahlutum. Áhrif samdráttar í búvöruframleiðslunni geta því verið misafdrifarík, allt eftir stöðu viðkomandi byggða. Búrekstraraðstaðan á einstökum býlum skiptir því miklu máli í þessu sambandi.

Miklu máli skiptir, hvernig ástætt er með rekstrarbyggingar í sveitum og hvernig framleiðslan skiptist á milli þeirra, sem búa við góða og/eða sæmilega aðstöðu á því sviði, þannig að fjárfesting í rekstrarbyggingum er ekki aðkallandi, og hinna sem búa við lélegar byggingar, sem nauðsynlega þarf að endurnýja á allra næstu árum eða verið er að endurnýja. Á þeim býlum eru minnstu búin og mikill minnihluti framleiðslunnar.

Samkvæmt spjaldskrá Stéttarsambands bænda voru á árinu 1978 4 029 lögbýli, þar sem aðalframfæri ábúanda var af sauðfjár- eða nautgriparækt og skiptust þau í stærðarflokka þannig:

1— 100 ærgildi	213 býli
101— 200 ærgildi	593 býli
201— 300 ærgildi	646 býli
301— 400 ærgildi	710 býli
401— 500 ærgildi	607 býli
501— 600 ærgildi	416 býli
601— 700 ærgildi	294 býli
701— 800 ærgildi	205 býli
801— 900 ærgildi	135 býli
901—1000 ærgildi	92 býli
1001—1100 ærgildi	51 býli
1101—1200 ærgildi	22 býli
1200 ærgildi	45 býli

Ef þannig færi að minnstu búin féllu út þegar þrengdi að framleiðslumöguleikum bændanna, er ljóst af framangreindum tölum að fækkun býla í sveitum gæti orðið tvöfalt meiri hlutfallslega en samdrætti í framleiðslunni nemur, nema því aðeins að opnast möguleikar til umþóttunar í búskapnum með því að taka upp hliðarbúgreinar svo sem loddýra- eða fiskrækt.

Eins og ástætt er í dag, þola sumar sveitir ekki neina fækkun setinna jarða. Grisjun byggðar við slíkar aðstæður leiðir af sér að öll byggð leggst niður á viðkomandi svæðum. Jafnhliða því eyðileggjast verðmæti, sem myndu nýtast ef búsetan raskaðist ekki. Eyðilegging slíkra verðmæta, samhliða gífurlegum kostnaði við uppbyggingu nýrra dvalarstaða og möguleika til annarrar atvinnu leiðir af sér verulegan fjárhagsvanda fyrir þjóðarheildina.

Áriðandi er að kanna, hvernig ástætt er með rekstrarbyggingar og íbúðarhús í sveitum landsins, til að fá yfirlit um hvaða afleiðingar stöðnun í uppbyggingu í landbúnaði og samdráttur í búvöruframleiðslunni gæti haft í einstökum sveitarfélögum.

Þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana, til þess að viðhalda eða efla byggð á tilteknum svæðum, verður að líta á það sem hlutverk þjóðarheildarinnar. Því verður fjármögnun til þeirra hluta að koma í gegnum fjárlög og/eða frá Bygðasjóði.

Að gerðri áður nefndri könnun verður auðveldara að marka heildarstefnu á sviði fjárfestingar í landbúnaði og annarra þeirra þátta, sem styrkt geta byggðina og viðhaldið henni að því marki sem hagkvæmt telst. Þessa fjárfestingarstefnu þarf að marka til eins langs tíma og fært þykir. Frumkvæði að og yfirstjórn með mótun hennar ætti að vera í höndum landbúnaðarráðherra, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bygðasjóðs og bændasamtakanna.

Fjárfestingarstefnan miði að framleiðslustjórnun í eins ríkum mæli og fært þykir, þar sem ætla má, að þar sé að finna eitt besta stjórnunartækið á því sviði, bæði varðandi nýja fjárfestingu vegna þeirra búgreina, sem nú eru stundaðar, nýrra búgreina og annarra atvinnutækifæra, sem búsetan gæti byggst á.

Ætla má að einhver hluti þeirra jarða, sem nú eru setnar, falli úr ábúð af ýmsum ástæðum, t. d. vegna aldurs ábúenda. Slíkt þarf þó að meta í einstökum tilvikum m. a. með hliðsjón af stöðu viðkomandi byggðarlags. Því verður að gera ráð fyrir að efla þurfi Jarðasjóð ríkisins, til þess að hann geti keypt þessar jarðir eða lánað sveitarfélögum fé til kaupanna, ef slíkt þætti edlilegra, og þannig gert þeim kleift að nota forkaupsrétt sinn. Jafnframt getur þurft að veita því fólki, sem þar hefur búið, fjárhagsstuðning til þess að koma sér fyrir annars staðar.

Á síðustu árum hafa skapast mjög miklir erfiðleikar á útflutningi búvara og þeir markaðir, sem hvað mestar vonir eru bundnar við, bæði hvað snertir útflutning á ostum og dillkakjöti, hafa lokast að verulegu leyti. Þessum vanda hefur m. a. verið mætt með samdrætti í mjólkurframleiðslu til samræmis við sölu mjólkur og mjólkurafurða á innlendum markaði. Þessi samdráttur hefur átt sér stað með þeim hætti, að bændur hafa ýmist dregið úr mjólkurframleiðslu á búum sínum eða hætt henni með öllu.

Jafnhliða því sem bændur hafa dregið úr mjólkurframleiðslu, hafa sumir þeirra, einkum þeir sem hættu henni, stefnt að því að auka sauðfjárframleiðslu í trausti þess að unnt reyndist að flytja út sauðfjárafurðir með viðunandi hætti. Auk þess er búsetan í mörgum sveitum grundvölluð eingöngu á sauðfjárframleiðslu og þar er að finna flesta þá bændur, sem erfiðast eiga með að taka á sig verðskerðingu búvöruframleiðslunnar eða minnkun búanna.

Samdráttur í sauðfjárframleiðslunni er því mun erfiðari í framkvæmd og getur haft langtum viðtækari afleiðingar byggðalega séð en samdráttur í mjólkurframleiðslunni. Eigi að viðhalda byggð með líkum hætti og nú er, verða því að koma til nýjar búgreinar og/eda önnur atvinnutækifæri jafnhliða samdrætti í sauðfjárframleiðslu.

9. BÚNAÐARFRÆÐSLA, RANNSÓKNASTARFSEMI OG LEIÐBEININGAÞJÓNUSTA.

9.1. Búnaðarfræðsla.

Bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri hafa starfað um langt árabil. Hólaskóli var stofnaður árið 1882 og á því aldarafmæli á þessu ári. Hvanneyrarskólinn er stofnaður árið 1889. Starfstími þessara skóla er því svipaður. Áður starfaði búnaðarskólinn í Ólafsdal og um tíma var búfræðikennsla á Eiðum. Þá er starfandi Garðyrkjuskóli ríkisins í Hveragerði, en hann tók til starfa árið 1939.

Fullyrða má, að þessar fræðslustofnanir á sviði landbúnaðarins hafa haft geysimikla þýðingu fyrir alla framþróun í landbúnaði og hafa enn. Landbúnaður er mjög fjölbætt atvinnugrein. Hann byggist á margþættum samskiptum manna við landið, búfénað og það samfélag, sem við búum í. Það skiptir því miklu, að fræðsla á sviði landbúnaðarins sé virk. Til þess að svo megi verða, þurfa bændaskólarnir að vera vel í stakk búnir, bæði hvað alla aðstöðu snertir og starfslíð, til þess að geta gegnt því forystuhlutverki, sem þeim er ætlað á sviði fræðslumála í þágu landbúnaðarins.

Sú öra þróun, sem verið hefur í landbúnaðinum á undanförunum árum og enn á sér stað, bæði faglega og tæknilega séð, krefst þess að þessar fræðslustofnanir séu í stöðugri uppbyggingu. Vegna þeirra aðstæðna, sem nú hafa skapast í markaðsmálum landbúnaðarins og nauðsyn þess að taka upp nýjar, áður lítt reyndar búgreinar hérlendis, er þessi þörf enn brýnni en áður, til þess að unnt verði að veita nauðsynlega kennslu í þessum nýju búgreinum og koma þannig í veg fyrir mistök, sem rekja má til of lítillar þekkingar. Því verður að efla bændaskólana og garðyrkjuskólann til samræmis við þær kröfur, sem til þeirra verður að gera og það hlutverk, sem þeim er ætlað.

Árið 1947 hófst framhaldsnám í búfræði við Bændaskólann á Hvanneyri. Þetta nám hefur þróast þannig, að á Hvanneyri er starfandi búvísindadeild, sem gegnt hefur mjög

veigamiklu hlutverki í framhaldsmenntun á sviði búvísinda hin síðari ár. Þetta nám þarf enn að efla og gera það fjölþættara til samræmis við breytta aðstöðu í landbúnaðinum.

9.2. *Rannsókn- og tilraunastarfsemi.*

Að rannsókn- og tilraunastarfsemi er nú unnið á Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti, tilraunastöðvum í einstökum landsfjórðungum, bændaskólunum og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá gegnir Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum þýðingarmiklu hlutverki á sviði rannsókna varðandi búfjárjúkdóma og lyfjaframleiðslu. Veidimálastofnun vinnur að rannsóknum og tilraunum með fiskrækt og veiðimál almennt.

Allar þessar stofnanir gegna þýðingarmiklu hlutverki í þágu landbúnaðarins og skapa í mörgum tilvikum undirstöðu undir þeirri þróun og þeim framförum, sem orðið hafa í þessari atvinnugrein. Þess ber að gæta, að landbúnaður hérlendis hefur sérstöðu á mörgum sviðum miðað við landbúnað annarra þjóða. Það veldur m. a. því, að við getum ekki hagnýtt okkur erlendar rannsókn- og tilraunandiurstöður í eins ríkum mæli og átla mætti. Sérstaklega gildir þetta á sviði jarðræktar, fóðuröflunar og fóðrunar búfjár við hérlendar aðstæður með innlendu fóðri. Því verður enn að efla þessa starfsemi hér og beina henni að þeim verkefnum, sem mest kalla að hverju sinni. Sérstaka áherslu þarf að leggja á uppbyggingu tilraunastöðvanna, efla þær að starfslíði og auka tengsl þeirra við búnaðarsamtökin í hinum einstöku landsfjórðungum, m. a. með því að þau gerist aðilar að og taki ábyrgð á rekstri stöðvanna. Þá er áriðandi að auka rannsóknir á sviði fiskræktar og fiskeldis, þannig að svarað verði mörgum þeim spurningum, sem upp koma, þegar fyrirhugað er að stórefla þessa búgrein.

9.3. *Leiðbeiningaþjónusta.*

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamtökin annast framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Hjá Búnaðarfélagi Íslands starfa ráðunautar hver á sínu sérsviði, s. s. jarðrækt, sauðfjárrækt, nautgriparækt o. s. frv. Þessa starfsemi búnaðarfélagsins þarf að efla verulega á sviði nýrra búgreina s. s. loðdýraræktar, garðræktar, fiskræktar, hagfræði o. fl. Þá er áriðandi að efla leiðbeiningar á sviði fóðurfræði, sérstaklega er tekur til innlendra fóðurefna og ræktunar á þeim.

Hjá búnaðarsamböndunum starfa héraðsráðunautar, sem annast leiðbeiningar í landbúnaði hjá einstökum bændum. Þeir ásamt ráðunautum Búnaðarfélags Íslands koma á framfæri og kynna nýjustu niðurstöður rannsókna og tilraunastarfseminnar og reyna að aðhæfa þær breytilegum aðstæðum út á meðal bænda. Jafnframt safna þeir upplýsingum um reynslu manna af ýmsum þáttum landbúnaðarins, en hinar mjög svo breytilegu aðstæður, bæði hvað snertir jarðveg, veðurfar o. fl., leiða það af sér að mikil þörf er fyrir staðbundnar leiðbeiningar og að misjafnlega þarf að bregðast við á einstökum stöðum, allt eftir ríkjandi aðstæðum. Leiðbeiningar í slíku formi verða því tímafrekar og oft fremur dýrar í framkvæmd, en hjá þeim verður ekki komist.

Auk þess að sinna faglegum og hagfræðilegum leiðbeiningum, fer Búnaðarfélag Íslands í samvinnu við búnaðarsamböndin með framkvæmd þýðingarmikilla lagabálka, s. s. jarðræktar- og búfjárræktarlaga, í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Þá sinna búnaðarsamböndin margvíslegum verkefnum á sviði félags- og framleiðslumála landbúnaðarins. Þessi störf krefjast mjög mikillar vinnu, ekki hvað síst við þær aðstæður sem nú ríkja. Því verður ekki undan því vikist að efla starfsemi Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna til þess að tryggja sem best faglegar leiðbeiningar í landbúnaði og samræmd vinnubrögð á sviði skipulags- og félagsmála þessa atvinnuvegar.

Fylgiskjal.

Formáli.

Með bréfi, dagsettu 28.09. 1979, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til þess að vinna að verkefni sem fólst í eftirfarandi þingsályktunartil-
lögu, sem samþykkt var á Alþingi 15. maí 1979:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvað stór hluti þjóðarinnar hefur atvinnu af framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu í sambandi við hana, enn fremur hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum.

Nú þegar verði gerð um þetta áætlun, sem byggist á þeim gögnum, er fyrir hendi eru, og því verki hraðað svo að sú áætlun liggi fyrir á komandi vori. Síðan verði verkinu haldið áfram með ítarlegri könnun, þannig að traustar heimildir fáiast um gildi þessa mikilvæga þáttar þjóðarbúskaparins.“

Í nefndina voru skipaðir:

Ingi Tryggvason, fyrrverandi alþingismaður, formaður, Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, Gamalíel Sveinsson, viðskiptafræðingur, Þjóðhagsstofnun, Guðmundur Sigbórsson, deildarstjóri, landbúnaðarráðuneytinu.

Þann 23. apríl 1980 ákvað landbúnaðarráðherra, Pálmi Jónsson, að þessi könnun nái einnig „til þess að meta þjóðhagslegt gildi þeirrar landbúnaðarframleiðslu, sem er umfram innanlandsþarfir og hvaða áhrif það hefði fyrir þjóðfélagið í heild, ef sá hluti framleiðslunnar félli niður.“

Jafnframt skipaði ráðherra til viðbótar í nefndina Bjarna Braga Jónsson, hagfræðing Seðlabankans, Ketil A. Hannesson, hagfræðiráðunaut Búnaðarfélags Íslands og Guðmund Jónsson, formann Landssambands iðnverkafólks. Sá síðastnefndi baðst undan störfum í nefndinni.

Nefndin lítur á meðfylgjandi skýrslu sem fyrsta áfanga starfsins. Í henni er einkum gerð grein fyrir vinnuafslnotkun í frumframleiðslu í landbúnaði.

Nefndin hefur haldið 26 fundi. Síðustu mánuði hefur starfað með henni Baldur Kristjánsson, þjóðfélagsfræðingur.

Reykjavík, 1. sept. 1981.

Virðingarfyllst,

Ingi Tryggvason.
Gamalíel Sveinsson.

Árni Jónasson.
Guðmundur Sigbórsson.

Bjarni Bragi Jónsson.
Ketill A. Hannesson.

MANNAFLI Í LANDBÚNAÐI

Efnisyfirlit:

1. MANNAFLI Í FRUMFRAMLEIÐSLU
 - 1.1 Skráðar vinnuvikur í landbúnaði (slysatrygging)
 - 1.2. Endurmat á skráðum vinnuvikum í landbúnaði
 - 1.3. Niðurstöður endurmats á vinnuframlagi í landbúnaði
 - 1.4. Útreikningur mannfjölda í landbúnaði skv. endurmetnu vinnuframlagi
 - 1.5. Niðurstöður
 - 1.6. Samanburður slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags
 - 1.7. Hlutfall landbúnaðar miðað við aðrar atvinnugreinar

2. MANNAFLI Í ÚRVINNSLUGREINUM LANDBÚNAÐAR

3. MANNAFLI Í ÞJÓNUSTU VIÐ LANDBÚNAÐ

1. MANNAFLI Í FRUMFRAMLEIÐSLU.

1.1. Skráðar vinnuvikur í landbúnaði (slysatrygging).

Þegar litið er til þess hve margir starfa í landbúnaði, eru gjarnan skoðaðar skýrslur Hagstofu Íslands um flokkun á störfum manna eftir atvinnugreinum. Þessar skýrslur eru byggðar á fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hverri starfsgrein og eru unnar úr gögnum skattfyrvalda. Alls skiptir Hagstofan iðju manna upp í 9 aðalflokka og hverjum þessara flokka upp í undirflokka. Þannig er störfum skipt í um það bil 170 staði. Landbúnaður er einn af flokkunum 9 og hann skiptist í 9 undirflokka:

- Almennan búrekstur
- Alifuglabú
- Svínabú
- Loðdýrabú
- Garðyrkju- og gróðurhúsabú
- Fóðurframleiðslubú
- Kornræktarabú o. fl.
- Þjónustu við búrekstur
- Dýraveiðar

Gildandi fyrirmæli um slysatryggingu eru í 29. og 30. gr. laga nr. 67 um almannatryggingar frá 1971. Þar segir á þá leið, að slysatryggðir skuli allir launþegar, sem starfa hér á landi. Þau mörk eru skilgreind nánar. Þá eru taldir upp iðnnemar, stjórnendur aflvéla og ökutækja, útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar o. fl. Þá segir orðrétt í 30. gr.:

„Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað.

- a) Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.
- b) Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
- c) Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem heyra undir ákvæði 3. málsg. 29. gr.

Þeir, sem heimilisstörf stunda, geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur samkvæmt b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.“

Það er ljóst af þessum lagabreytingum, að slysatryggðar vinnuvikur gefa ranga mynd af hlutdeild landbúnaðar í vinnuaflsnotkun í landinu.

Þar kemur til, að bóndinn og maki hans eru alltaf tryggð í 52 vikur, hvort um sig, án tillits til vinnu við búið. En stundi þau launuð störf utan bús er tryggingu þeirra skipt milli þeirrar starfsgreinar og landbúnaðar eftir því sem tekjur hvors um sig gefa tilefni til.

Fram til ársins 1979, þ. e. árin 1963—1978, voru bóndinn og maki hans skyldutryggð að fullu, 104 stundir, í landbúnaði, án tillits til launatekna utan bús. Þetta ber að hafa í huga, því að í þessari skýrslu eru yfirleitt notaðar tölur frá árinu 1978.

Þá eru börn 12—15 ára gömul skyldutryggð í 16 vikur (13 vikur 1978 og fyrr) og er það gert án tillits til dvalartíma á býlinu.

Pá er eldra fólk, sem hefur minnkað bú sín, áfram tryggt allt árið, svo og ellilífeyrisþegar, séu þeir skráðir fyrir einhverjum bústofni. Pá er fólk í þéttbýli tryggt í 13 vikur minnst, ef fram koma hjá því einhverjar tekjur af kvikfé eða garðrækt.

Rétt er að taka það fram að Hagstofan hefur gert sér grein fyrir skekkju þeirri sem það veldur að telja vinnu makans með að fullu og birtir í yfirliti sínu tölur, þar sem vinna makans hefur verið dregin frá að hluta eða alveg. Svipaðar leiðir hefur Framkvæmdastofnun ríkisins farið í meðferð á þessu talnaefni.

Að öllu samanlögðu er augljóst, að slysatryggðar vinnuvikur gefa mjög ýkta mynd af vinnuframlagi í landbúnaði, þótt það lagist heldur við þá breytingu, sem Hagstofan gerir milli árána 1978 og 1979, að taka tillit til launaðrar vinnu bóndans og maka hans til frádráttar við útreikning slysatryggðra vinnuvikna. Milli nefndra ára fækkaði slysatryggðum vinnuvikum bænda í almennum búrekstri (atvinnugrein 011) um rúmlega 42 000 og er það samdráttur um 88%.

1.2. Endurmat á skráðum vinnuvikum í landbúnaði.

Nefndinni var því ljóst að finna þyrfti annan mælikvarða til þess að komast að því hve mikil atvinnuþátttaka er í framleiðslunni. Í niðurstöðum búreikninga, sem Búreikningastofa landbúnaðarins hefur umsjón með, kemur fram hve mikil vinna liggur að baki hverjum grip og þar með hver vinnan er á búreikningabúinu að meðaltali. Ef búreikningabúin gefa rétta mynd af vinnuafslnotkuninni, mætti af henni ráða hve mikil vinna er að baki landbúnaðarframleiðslunni í heild.

Árið 1978 færðu 220 bændur búreikninga í samvinnu við Búreikningastofu landbúnaðarins. Birtar voru niðurstöður 152 reikninga frá búum þar sem stunduð var sauðfjárrækt og nautgriparrækt. Felld voru út 28 félagsbú, 15 bú bænda, sem höfðu meira en 1200 þús. gkr. í tekjur utan bú, og 12 bú bænda, sem höfðu meira en 1200 þús. gkr. í tekjur af aukabúgreinum á árinu. (Öll búin 220 voru þó tekin með við gerð vinnuafkastastuðla). Búreikningabúin endurspeglar því fyrst og fremst bú þar sem rekstur er mjög hefðbundinn. Þau eru stærri en meðalbúið, 608 ærgildi að meðaltali 1978, til samanburðar við tæplega 400 ærgilda meðalbú virkra bænda. Þegar af þeirri ástæðu, að búreikningabúin eru ekki dregin út tilviljanakennt úr hópi allra búa á landinu, er ekki sjálfgefið að vinnuframlag á þeim gefi rétta mynd af vinnuframlagi í landbúnaði á landinu öllu. Pá er hugsanlegt að það hafi áhrif á búreksturinn, þegar menn færa búreikninga fyrir hálfopinbera aðila. Var því talið nauðsynlegt að kanna eftir öðrum leiðum hvort þeir gefi rétta mynd af meðalatvinnunotkun að tiltölu við bústofn.

Á grundvelli niðurstaðna Búreikningastofunnar voru settir upp stuðlar, sem sýna vinnu á hvert ærgildi miðað við hinar ýmsu bústærðir (sjá fylgiskjal I: Vinnuframlag á búreikningabúum árið 1978). Síðan voru valdir 11 hreppar. Þess var gætt að hrepparnir dreifðust sem víðast um landið, að þeir gæfu mynd af bæði sauðfjárrækt og nautgriparrækt, og að þar væru hreppar þar sem nær eingöngu er stundaður almennur búrekstur, svo og hreppar, sem liggja nærri þéttbýli. Safnað var eftirtöldum gögnum úr skattskýrslum fyrir tekjuárið 1978: Brúttótekjum bænda skv. landbúnaðarskýrslu, hreinum tekjum skv. III. kafla persónuframtals, launatekjum bónda og maka hans utan bú, hlunnindatekjum, lífeyri, örorkustyrk og öðru því um líku. Pá var safnað upplýsingum um bústærð, aldur bónda og maka hans. Pá lágu fyrir sundurliðaðar upplýsingar um slysatryggingu á hverju býli, bæði „eigin“ tryggingu, sem er trygging bónda og maka hans og barna undir 16 ára aldri, og „aðra“ tryggingu, en það er trygging á aðkeyptu vinnuafli. Til viðbótar þessum upplýsingum var leitað liðsinnis manna, sem voru sérstaklega kunnugir í hverjum hreppi fyrir sig og fengnar frá þeim upplýsingar um ákveðna þætti.

Þar sem upplýsingar úr skattframtölum eru trúnaðarmál, og hrepparnir fámennir, ákvað nefndin að birta ekki nöfn hreppa, enda byggjast niðurstöður á því, að hrepparnir gefi heildarmynd af landinu.

Eins og fyrr segir, voru bóndinn og maki hans tryggð í 104 vinnuvikur á árinu 1978, án tillits til vinnuframlags við búíð. Í öllum hreppunum leiddi könnunin til þess, að metið vinnuframlag við landbúnaðarstörf var fært verulega niður og var einkum tekið tillit til bústærðar og launaðrar vinnu utan bú, en vinna inni á heimilinu var ekki talin með landbúnaðarstörfum, enda er hún talin utan atvinnuvegaflokkunar hjá öllum öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Vinna bænda við framkvæmdir er ekki talin með, enda telst afrakstur hennar ekki til landbúnaðarframleiðslu. Þá var vinna öryrkja og ellilífeyrisþega yfirleitt færð mikið niður frá því sem slysatryggingin gaf til kynna, þegar bústærð gaf tilefni til.

1.3. Niðurstöður endurmats á vinnuframlagi í landbúnaði.

Hér fara á eftir nokkrar niðurstöður umræddra athugana:

Tafla I

Reiknað vinnuframlag samkvæmt stuðlum, sem byggðir eru á niðurstöðum Búreikningastofunnar sem hlutfall af fjölda slysatryggðra vinnuvikna 1978:

Hreppur nr.:	
1. Nautgriparéktarhreppur í Rangárvallasýslu	78%
2. Nautgriparéktarhreppur í Árnessýslu	62%
3. Þéttbýlishreppur á SV-landi	35%
4. Hreppur í Borgarfirði með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparékt	64%
5. Hreppur á Vesturlandi í nánd þéttbýlis með jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparékt	65%
6. Hreppur á Snæfellsnesi með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparékt	68%
7. Hreppur í Dalasýslu með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparékt	72%
8. Hreppur í Skagafirði með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparékt	60%
9. Nautgriparéktarhreppur í Þingeyjarsýslu	65%
10. Sauðfjárréktarhreppur á norðausturhorni landsins	71%
11. Sauðfjárréktarhreppur í Norður-Múlasýslu	56%
	<hr/>
	Meðaltal (án hrepps nr. 3) 66%

Hreppur númer 3, þéttbýlishreppur á Suðvesturlandi, sker sig verulega úr í því hvað reiknaða vinnuframlagið er lágt. En skýringin er sú, að bændafolk þar er að sjálfsögðu að fullu tryggt í landbúnaði, en hefðbundinn búskapur hefur hopað fyrir öðrum störfum í miklum mæli. Vegna þessa eru niðurstöður úr þessum hreppi úr samhengi við hina hreppana og er honum því sleppt úr meðaltali. Þessar tölur gefa þegar nokkuð til kynna hve ýkta mynd slysatryggðar vinnuvikur gefa af vinnuframlagi í framleiðslunni.

Í töflu II sjáum við hins vegar niðurstöður úr því dæmi, þegar atvinnuþátttaka var metin eftir ýmsum þáttum í afkomu bóndans, svo sem lýst er hér að framan, svo og staðkunnugleika. Staðkunnugleika varð aðeins komið við í sex hreppum, en ekki varð annað séð af áðurgreindum heimildum en að niðurstöður hefðu orðið svipaðar úr hinum fimm.

Tafla II

Hreppur nr.	Niðurstöður úr töflu I fyrir		
	Vinnuframlag eftir bústærð, tekjum, tekjum utan búis o. s. frv. með hliðsjón af staðkunnugleika, sem hlutfall af slysatryggðum vinnuvikum	Niðurstöður úr töflu I fyrir sömu hreppa: Reiknað vinnuframlag skv. stuðlum sem byggðir eru á niðurstöðum Búreikningastofunnar sem hlutfall af fjölda slysatryggðra vinnuvikna	Dálkur (A) sem hlutfall af dálk (B)
	Ár 1978 (A)	Ár 1978 (B)	(C)
1	62%	78%	79%
4	68%	64%	106%
5	59%	65%	91%
6	73%	68%	107%
7	73%	72%	102%
9	63%	65%	95%
Einfalt meðaltal	66%	69%	97
Meðaltal 4—9:	67%	67%	100%

Mikil fylgni er alls staðar milli þessara tveggja aðferða, nema í hreppi númer 1. Þar virðast menn afkasta meiru en annars staðar. Það gæti stafað af því að búin í þessum hreppi eru stærri en almennt gerist og vélakostur er góður og náttúruskilyrði mjög góð. En sé litid fram hjá þessum hreppi, sýna niðurstöður að skýrslur Búreikningastofunnar um vinnuframlag gefa haldgóða mynd af þeirri vinnu, sem lögð er af mörkum við venjulegan búrekstur á Íslandi. Samsvörun er 100% þegar tekið er meðaltal úr hreppum 4—9.

Af þessu dregur nefndin þá ályktun, að fyllilega sé verjandi að reikna vinnuframlag í almennum búrekstri út frá stuðlum sem byggðir eru á útreikningum Búreikningastofu.

1.4. Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði.

a. Hefðbundinn búskapur.

Nú verða á grundvelli ærgildafjölda í landinu og skiptingar búa í stærðarflokka og áður nefndra vinnuafkastastuðla (Fylgiskjal I) reiknuð út ársverk í landbúnaði árið 1978 í þeim búrekstri, þar sem aðalbúgrein er sauðfjárrækt eða nautgriparækt. Þá verður þessum ársverkum skipt upp eftir búgreinum og er þá miðað við skiptingu vinnunnar milli búgreina samkvæmt útreikningum Búreikningastofu (Fylgiskjal II).

Ársverk er vinna í 52 vikur, og er hér miðað við 50 stundir á viku, sem er nærri hinu almenna meðaltali í hliðstæðum störfum.

Skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, sem byggir á forðagæsluskýrslum, voru í ársbyrjun 1978 **924.684** ærgildi í nautgripum á landinu og er þá miðað við 20 ærgildi í mjólkurkú, 12 ærgildi í kelfdri kvígu, 8 ærgildi í geldneyti og fjögur ærgildi í kálfi.

Á sama tíma voru **896.192** ærgildi í sauðfé. Alls voru því **1.820.876** ærgildi í landinu í byrjun árs 1978.

Samkvæmt spjaldskrá Stéttarsambands bænda voru á árinu 1978 4 029 lögbýli þar sem aðalframfæri ábúanda var af sauðfjár- eða nautgriparækt og skiptast þau í stærðarflokka þannig:

1—100 ærgildi	213 býli
101— 200 ærgildi	593 býli
201— 300 ærgildi	646 býli
301— 400 ærgildi	710 býli
401— 500 ærgildi	607 býli

501— 600 ærgildi	416 býli
601— 700 ærgildi	294 býli
701— 800 ærgildi	205 býli
801— 900 ærgildi	135 býli
901—1000 ærgildi	92 býli
1001—1100 ærgildi	51 býli
1101—1200 ærgildi	22 býli
1200— ærgildi	45 býli

Ærgildi á landinu voru eins og fyrr segir **1.820.876**, og eru 94,1% þeirra í eigu bænda. Það sem eftir er skiptist þannig:*)

— elli- og örorkulífeyrisþegar í sveitum (meiri hluti tekna af elli- og örorkulífeyri):	0,6%
— tilraunabú	0,9%
— þeir sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði	2,5%
— þéttbýlisbúar	1,9%

Ærgildi annarra en bænda eru 89% sauðfé og 11% nautgripir. Ærgildafjöldi í eigu bænda eru því:

Nautgripir	912.663
Sauðfé	801.734

Ef býlafjöldinn er margfaldaður með meðal ærgildafjölda í hverjum stærðarflokki og síðan aftur með stuðlum um vinnuafköst miðað við bústærð, kemur fram að ársverk í landbúnaði eru **6.304**, þar sem aðalbúgrein er sauðfjárrækt eða nautgriparrækt.***) En sú vinna fer ekki öll í sauðfé og nautgripi. Inni í þessari tölu er vinna í öðrum búgreinum. Ein aðferðin við að áætla þann tíma sem fer í aukabúgreinar er að athuga niðurstöður búreikninga (Fylgiskjal II). Þar kemur fram að:

1,54% af vinnu alls á búinu fer í hrossarækt
0,98% í kartöflu- og rófnarækt
0,08% í svínarækt
1,18% í hænsnarækt
0,54% í hlunnindi

Alls 4,32% í aukabúgreinar

Fæst þannig fram eftirfarandi útkoma í ársverkum talið og hefur þá verið tekið tillit til þess að hrossaræktinni fylgir einnig vinna við tún og viðhald.

Hrossarækt	122 ársverk
Kartöflu- og rófnarækt	62 ársverk
Svínarækt	5 ársverk
Hænsnarækt	75 ársverk
Hlunnindi	34 ársverk

—
Alls 298 ársverk

Þá eru eftir **6.006** ársverk og skiptast þau jafnt á milli nautgripa- og sauðfjárræktar. Koma **3.003** ársverk í hlut hvorrar búgreinar um sig.

Þegar þessi skipting er fundin, er tekið tillit til fjölda ærgilda í hvorri búgrein fyrir sig og einnig þess, að samkvæmt búreikningum telst vinna á vetrarfóðraða kind 9,0 klst., en vinna á

*) Byggt á samantekt Stéttarsambands bænda frá áramótum 1976/1977.

**) Um nánari útreikning sjá Fylgiskjal III.

ærgildi nautgripa 7,9 klst. *) Þessir stuðlar miðast við árið 1978, en eru nokkuð breytilegir milli ára.

Þegar hliðstæðum meðalvinnutíma er beitt á bústofn annarra bænda, fást fram eftirtalin ársverk:

— elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum (þeirra sem hafa meiri hluta tekna af elli- og örorkulífeyri)	:53
— á tilraunabúum	:36
— þeirra sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði ..	:207
— þéttbýlisbúa	:157
Alls annarra en bænda	453 ársverk

þar af 403 ársverk í sauðfjár- og 50 í nautgriparækt.

b. Aðrar búgreinar.

Þá er eftir að meta vinnumagnið á búum, þar sem öndvegi skipa aðrar búgreinar en sauðfé og nautgripir. Eftirfarandi upplýsingar eru úr atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar fyrir árið 1978:

Aðalbúgrein	Ársverk
Alifuglarækt	87
Svínarækt	15
Garðyrkjurækt og gróðurhúsabú	334
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	11
Dýraveiðar	20

Mjög erfitt er að meta áreiðanleika þessara upplýsinga vegna skorts á samanburðargögnum. Hætta á oftalningu slystryggðra vinnuvikna er ekki eins mikil í þessum búgreinum og í sauðfjár- og nautgriparækt, þar sem hlutfallslega fleira launafólk er í þessum greinum. Aðalhættan er sú, að skattstofur flokki búin rangt. Það hefur augljóslega gerst með svínabúin, en samkvæmt fjölda svína hérlendis ættu ársverkin að vera **41**. Þessi ársverka-fjöldi er notaður í stað 5 ársverka og 15 ársverka sem áður eru talin. Þá vantar heyköggla-verksmiðjurnar fimm og áætla nefndin að þar bætist við 25 ársverk og teljist því 36 ársverk til „Fóðurframleiðslubúa“. Að öðru leyti telur nefndin ekki rétt að breyta tölum Hagstofunnar.

1.5. Niðurstöður

Ársverk í landbúnaðarframleiðslunni eru þá sem hér greinir árið 1978:

a. Vinna á lögbýlum þar sem aðalframfæri ábúanda er af sauðfjár- eða nautgriparækt svo og vinna við aðrar búgreinar:

	Ársverk
Sauðfjárrækt	3 003
Nautgriparækt	3 003
Hrossarækt	122
Garðyrkju- og gróðurhúsarækt	396
Alifuglarækt	162
Svínarækt	41
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	36
Nytjun hlunninda	34
Dýraveiðar	20
Samtals	6 834

*) Vinna við hirðingu er 6,7 klst. á vetrarfóðraða kind, en 5,63 klst. á ærgildi nautgripa. Önnur vinna telst 2,3 klst. á hvora búgrein.

b. Vinna elli- og örorkulífeyrisþega. Vinna á tilraunabúum. Vinna þeirra sem hafa lögbýli til umráða en aðalvatvinnu af öðru en landbúnaði. Vinna þéttbýlisbúa:	
Sauðfjárrækt	403
Nautgriparrækt	50
Samtals	453
Alls ársverk í landbúnaði:	7 287

Þegar meta á ársverk í landbúnaðarframleiðslunni kann að orka tvímælis hvort telja eigi með þau 453 ársverk sem hér eru reiknuð hjá þeim sem stunda nokkurn landbúnað, en hafa meiri hluta tekna sinna af öðru (vinna á tilraunabúum er einnig í þessari tölu).

Hér er ljóslega að aðgreinda mælikvarða að ræða, hvort meta eigi alla þá vinnu er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, eða hvort aðeins eigi að telja þá vinnu sem flokkast undir aðalstarf.

Í samanburði þeim við aðrar atvinnugreinar, sem hér fer á eftir, verður hlutfall vinnuaflls í landbúnaði mælt m. t. t. beggja stærðanna.

1.6. Samanburður slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags.

Samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum 1978 eru 10.791 ársverk í landbúnaði. Samkvæmt endurmati nefndarinnar eru ársverkin í landbúnaði 7.287, en 6.834 ef aðeins eru tekin ársverk þeirra er hafa af landbúnaði aðalframfæri. Hlutfallið er 67,5% af slysatryggðum vinnuvikum sé miðað við hærri töluna, en 63,3% sé miðað við þá lægri.

Eins og áður kemur fram, breytti Hagstofan útreikningi á slysatryggðum vinnuvikum frá og með árinu 1979 og varð samdráttur á vinnuframlagi 8,8%, eða niður í 9.776 ársverk.

Sé gengið út frá óbreyttum mannafla 1979, þá er hlutfallið milli slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags 74,5% eða 69,9% eftir því við hvora töluna er miðað.

1.7. Hlutfall landbúnaðar miðað við aðrar atvinnugreinar.

Hlutdeild landbúnaðar í mannafla landsins, miðað við aðra atvinnuvegi, er sýnt í þrem fyrstu dálkunum í töflunni hér að neðan, eins og hún kemur fram í opinberum Hagskýrslum*), og í dálki 4 er hlutdeild hans sýnd eftir að vinnuframlag hefur verið endurmetið og er þá miðað við 6.834 ársverk.

	(1)	(2)	(3)	(4)
	Vinnuvikur eiginkvænna bændu meðtaldar, %	Vinnuvikur eiginkvænna bændu meðtaldar að hálfu, %	Mat Framkvæmdastofnunar: 2800 ársverk dregin frá vegna tryggingar maka, %	Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði, %
1978	10,4	9,2	8,0	6,9
1979	9,4	8,2	6,9	

1) 7,3% ef metin er öll sú vinna er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, 7287 ársverk.

Þá hafa meginstarfi nefndarinnar til þessa verið gerð skil. Um þá kafla sem hér fara á eftir um mannafla í úrvinnslugreinum og mannafla í þjónustu hefur nokkur umræða farið fram innan nefndarinnar, en endanlega hefur ekki verið tekin afstaða til þess hve langt skuli ganga í að meta áhrif landbúnaðar. Mörg álitamál mæta athuganda í þeim efnum.

Meðfylgjandi kaflar eru látnir fylgja með til þess að gefa hugmynd um viðfangsefnið.

Þá hefur í nefndinni verið fjallað um hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum. Umfjöllun um þau efni verður að biða betri tíma.

*) Dálkar 1 og 2. Júníhefti Hagtíðinda 1980 og 1981. Útg. Hagstofa Íslands og Mannfjöldi, mannafla og tekjur. Framkvæmdastofnun ríkisins júlí 1981.

2. MANNAFLI Í ÚRVINNSLUGREINUM

Upplýsingar um mannafla í úrvinnslugreinum eru samkvæmt útreikningum og flokkun Hagstofu á fjölda slysatryggðra vinnuvikna, en sú aðferð er í meginatriðum í fullu gildi hvað snertir launafólk. Bílstjórar í launaðri vinnu flokkast til þeirrar greinar sem fyrirtæki þeirra tilheyir. Þannig flokkast vinna mjólkurbílstjóra undir mjólkuriðnað, en ef einhver vinnslufyrirtæki nýta þjónustu sjálfseignarbílstjóra og greiða þeim eftir reikningi, þá flokkast hún ekki undir búvöruvinnslu. Upplýsingar um fataframleiðslu úr ull eru fengnar úr ársskýrslum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 1980. Ekki liggja fyrir nýrri tölur en frá árunum 1978 og 1979.

Vinnuafli í slátrun og kjötiðnaði

Slátrun og tilheyrandi störf í sláturhúsum, söltun sláturafurða, kjötfrysing, geymsla, söltun, reyking og niðursuða kjöts. Pylsugerð, bjúgnagerð og ýmiss konar kjötvinnsla, garnahreinsun o. fl. Skrifstofuvinna í viðkomandi fyrirtæki telst með.

Mannár

1978	1.076
1979	1.198

Vinnuafli í mjólkuriðnaði

Gerilsneyðing og áfylling mjólkur og öll framleiðsla úr mjólk, svo sem á smjöri, skyri, osti, mjólkurdufti og kaseíni. Enn fremur mjólkur- og rjómaísgerð, þó ekki fyrirtækja, sem selja alla eða mestalla framleiðslu í eigin útsölum.

Mannár

1978	459
1979	540

Vinnuafli í ullar- og skinnaiðnaði

(Mannár)

	Ullarþvottur, framleiðsla á garni, dúkum, teppum o. fl.	Þrjónav. framleiðsla	Sútun og önnur verkun skinna	Fatafram- leiðsla úr ull	Alls
1978	403	361	181	443	1388
1979	409	361	179	472	1421

Alls í úrvinnslugreinum

(Mannár)

1978	2923
1979	3159

Ekki verður farið út í það hér að kanna mannafla í sölu, dreifingu og kynningu landbúnaðarafurða, þar sem ætla má að sú þjónusta yrði til staðar án tillits til búvöruframleiðslu innanlands þar sem ella yrði að flytja inn vöruna og það krefðist væntanlega svipaðs dreifingarkerfis.

En öðru máli gegnir með mannafla í þjónustu.

3.0. Mannafli í þjónustu

Á þessu ári (1981) starfa um 60 manns við innflutning fóðurs, heilðsölu og smásölu í 4 fyrirtækjum. Þau eru:

Fóðurblandan h/f

Fóðurvörudeild SÍS

Mjólkurfélag Reykjavíkur

Fóðurvöruverslun Guðbjörns Guðjónssonar

Um 55 manns starfa í 5 fyrirtækjum við innflutning og sölu landbúnaðartækja. Þau eru:

Dráttarvélar hf.

Búvörudeild SÍS

Þór hf.

Glóbus hf.

Vélaborg.

Þá eru 195 ármenn hjá Áburðarverksmiðjunni. Um 95% af framleiðslunni fer til bænda samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra fyrirtækisins. Það eru **185 menn**.

Alls starfa því í þjónustu við landbúnaðinn **320 menn**.

Þá er ótalin ýmis önnur þjónusta svo sem:

Starfsmanna búnaðarsambanda

Dýralækna (37 ársverk)

Rannsóknastofnana

Búnaðarskóla o. fl. o. fl.

Einnig eru ótalin öll störf í stjórnkerfi landbúnaðarins.

Fylgiskjal I.

Vinnuframlag á búreikningabúum árið 1978*)

Bústærð	Fjöldi býla	Meðal bústærð ærgildi	Vinna alls klst.	Vinna á ærgildi klst.	Viðmiðun klst./ærgildi
0— 99	0	—			14,0
100— 199	0	—			13,0
200— 299	15	252	3 599	14,3	12,0
300— 399	28	348	3 985	11,4	11,0
400— 499	31	455	4 430	9,7	10,0
500— 599	30	551	5 546	10,1	9,3
600— 699	22	652	5 634	8,6	8,5
700— 799	30	748	5 774	7,7	7,7
800— 899	14	859	6 474	7,5	7,2
900— 999	12	953	7 737	8,1	6,8
1 000—1 099	7	1 052	6 455	6,1	6,4
1 100—1 199	5	1 145	7 230	6,3	6,1
1 200 og stærri	10	1 578	8 675	5,5	5,9

*) Öll vinna á búinu, þ. e. a. s. meðtalin er vinna við aukabúgreinar (hross, garðrækt, svín, hænsni, hlunnindi o. s. frv.) þó ekki vinna við fjárfestingu.

Fylgiskjal II.

Tafla 3.1 Skipting vinnunnar milli búgreina á kúa-, sauðfjár- og blönduðum búum.

Nr.	Búgreinar	K Ú A B Ú		BLÖNDUÐ BÚ		SAUÐFJÁRRÆKT		MEÐALBÚ	
		Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%
811	Mjólkurframleiðsla	3 273	56,14	2 080	39,54	278	6,78	2 100	40,49
815	Holdanaut	27	0,46	19	0,36	47	1,15	30	0,58
822	Sauðfjárrækt	649	11,13	1 690	32,13	2 374	57,89	1 427	27,52
826	Hrossarækt	86	1,48	80	1,52	71	1,73	80	1,54
833	Kartöflur og rófur	79	1,36	28	0,53	32	0,78	51	0,98
842	Svínarækt	3	0,05			10	0,24	4	0,08
846	Eggjaframleiðsla	61	1,05	54	1,03	69	1,68	61	1,18
881	Hlunnindi	17	0,29	20	0,38	54	1,32	28	0,54
853	Grænifóður	44	0,75	25	0,48	18	0,44	31	0,60
855	Tún	868	14,89	770	14,64	701	17,09	794	15,31
800	Viðhald og rekstur	723	12,40	494	10,90	447	10,90	580	11,18
	Vinna alls:	5 830	100	5 260	100	4 101	100	5 186	100

Fylgiskjal III.

(1)	(2)	(3)	(4)
Ærgildi	Meðalfj.	Fjöldi býla	Vinnu- stuðlar
1—100	80	213	14
101—200	150	593	13
201—300	250	646	12
301—400	350	710	11
401—500	450	607	10
501—600	550	416	9,3
601—700	650	294	8,5
701—800	750	205	7,7
801—900	850	135	7,2
901—1000	950	92	6,8
1001—1100	1050	51	6,4
1101—1200	1150	22	6,1
1201—	1505	45	5,9

(2) X (3) X (4) = 6.174 ársverk + 2,1%¹⁾ = 6.304 ársverk

1) 2,1% er hækkun til að jafna mun á búfjártalningu í búreikningum og forðagæsluskýrslum.

EFNISYFIRLIT

	Greinargerð	
1.	Inngangur	
2.	Framleiðsla og ráðstöfun landbúnaðarafurða	
2.1.	Afurðir nautgripa	
2.1.1.	Mjólk	
2.1.2.	Sláturafurðir	
2.2.	Afurðir sauðfjár	
2.2.1.	Kindakjöt	
2.2.2.	Gærur og ull	
2.3.	Afurðir hrossa	
2.4.	Afurðir alifugla, svína o. fl.	
2.4.1.	Afurðir alifugla	
2.4.2.	Afurðir svína	
2.4.3.	Afurðir loðdýra	
2.5.	Garð- og gróðurhúsaframleiðsla	
2.5.1.	Saga og þróun	
2.5.2.	Framleiðsla og markaðspörf	
2.5.3.	Tegundaval	
2.6.	Lax- og silungsveiði	
2.6.1.	Sportveiði	
2.6.2.	Matvælaframleiðsla	
2.6.3.	Netaveiði	
2.6.4.	Hafbeit	
2.6.5.	Strandkvíaeldi	
2.6.6.	Kvíaelði	
2.7.	Skógrækt	
2.7.1.	Viðarframleiðsla	
2.7.2.	Framleiðsla jólatrjáa	
3.	Markaðs- og framleiðslumöguleikar	
3.1.	Afurðir nautgripa	
3.1.1.	Framleiðsla á mjólk	
3.1.1.1.	Stjórnun mjólkurframleiðslu	
3.1.2.	Framleiðsla á nautgripakjöti	
3.2.	Afurðir sauðfjár	
3.2.1.	Kindakjötsframleiðsla	
3.2.1.1.	Framleiðslustjórnun	
3.3.	Afurðir hrossa	
3.3.1.	Framleiðslu- og sölumöguleikar	
3.3.1.1.	Sala á reiðhestum innanlands	
3.3.1.2.	Útflutningur reiðhesta og kynbótahrossa	
3.3.1.3.	Sala á hrossakjöti	

3.3.1.4.	Aðrar afurðir
3.4.	Afurðir alifugla, svína o. fl.
3.4.1.	Afurðir svína og alifugla
3.4.1.1.	Framleiðslumöguleikar
3.4.2.	Afurðir loðdýra
3.4.2.1.	Æskileg þróun loðdýraræktar
3.5.	Garð- og gróðurhúsaafurðir
3.5.1.	Árstíðabinding framleiðslunnar
3.5.2.	Verðlagning — Framleiðslukostnaður
3.5.3.	Sölufyrirkomulag
3.5.4.	Markaðsmöguleikar
3.5.5.	Helstu ræktunaryvandamál og leiðir til úrbóta
3.5.5.1.	Útiræktun
3.5.5.2.	Ylræktun
3.5.6.	Framtíðarmöguleikar og efling garðyrkju
3.6.	Lax- og silungseldi
3.6.1.	Sportveiði
3.6.2.	Matvælaframleiðsla
3.6.2.1.	Netaveiði
3.6.2.2.	Hafbeit
3.6.2.3.	Strandkvíaeldi
3.6.2.4.	Kvíaelði
3.6.2.5.	Samrekstur strandkvía- og kvíaeldis
3.6.3.	Seiðaelði
3.6.4.	Markaðsmál
3.6.4.1.	Innlendi markaðurinn
3.6.4.2.	Erlendi markaðurinn
3.6.4.3.	Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi
3.6.5.	Skipulag veiðimála
3.6.5.1.	Veiði sem aukabúgrein
3.6.5.1.1.	Sportveiði
3.6.5.1.2.	Hafbeit
3.6.5.2.	Veiði sem aðal búgrein
3.6.5.2.1.	Standkvíaeldi, kvíaeldi
3.6.6.	Rannsóknir og vísindalegt eftirlit
3.6.7.	Menntunarmál
3.6.8.	Úrbætur og hagsmunamál
3.7.	Skógrækt
3.7.1.	Viðarframleiðsla
3.7.1.1.	Íslenski birkiskógurinn
3.7.1.2.	Innfluttar trjátegundir
3.7.1.3.	Hagrænar forsendur
3.7.3.	Framleiðsla jólatrjáa
3.8.	Ferðamannþjónusta
4.	Ræktun, heyfengur og fóðuriðnaður
4.1.	Ræktun og heyfengur
4.2.	Fóðuriðnaður
4.3.	Fóðurframleiðsla og fóðuriðnaður á næstu árum

5.	Framleiðsla hráefnis til iðnaðar
5.1.	Ullariðnaður
5.2.	Skinnaiðnaður
6.	Tekju- og félagsmál bænda
6.1.	Verðlagning búvöru og tekjur bænda
6.2.	Félagsleg aðstaða og þjónusta
7.	Landnýting og verndun landsgæða
8.	Búseta og byggðapróun
8.1.	Fækkun í sveitum
9.	Búnaðarfræðsla, rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónusta
9.1.	Búnaðarfræðsla
9.2.	Rannsókn- og tilraunastarfsemi
9.3.	Leiðbeiningaþjónusta
	Fylgiskjal: Mannafli í landbúnaði.